



Flogið yfir fólk og fé Börn höfðu gaman af þótt fullorðna fólkinu væri ekki öllu jafn skemmt er þessari flugvél var itrekað flogið lágt yfir sauðfé og mannfólki í Reykjahlíðarrétt í Mývatnsveit í gær. Fé hefur töluvert fækkað þar og trúlega voru fleiri ferðamenn í réttunum en fé. Var aðkomufólkið ekki sist hrifið af margröðduðum söng heimamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/BENEDIKT BÓAS

ÁSKRIFTARKORT BORGARLEIKHÚSSINS

ÞAÐ BORGAR SIG AÐ BÓKA Á NETINU BORGARLEIKHUS.IS



Pinex® Smelt

Munndreifitöflur 250 mg



Actavis

Útvalinn hópur veiðir lax í boði Íslandsbanka

Íslandsbanki hefur haldið áfram að bjóða völdum viðskiptavinum sínum í laxveiði þrátt fyrir að vera kominn í eigu íslenska ríkisins. Hinn ríkisbankinn, Landsbankinn, býður viðskiptavinum ekkert slíkt og hefur ekki gert frá hrúni.

VIÐSKIPTI Þrátt fyrir að vera nú að fullu í eigu ríkisins heldur Íslandsbanki áfram að bjóða völdum viðskiptavinum í laxveiði. Arion banki bauð viðskiptavinum í tvær veiðiferðir en Landsbankinn enga.

Viðskiptabankarnir, að Landsbankanum undanskildum, hófu að bjóða völdum viðskiptavinum í laxveiði á ný árið 2014 eftir að boðsferðirnar voru aflagðar eftir hrún.

Samkvæmt upplýsingum frá Íslandsbanka bauð bankinn, líkt og síðustu ár, viðskiptavinum í eina boðsferð í laxveiði í Norðurá. Edda Hermannsdóttir, samskiptastjóri bankans, segir það hafa verið sólarhringsferð. Ekki er upplýst hversu mörgum var boðið né um kostnað.

Íslandsbanki komst að fullu í eign íslenska ríkisins vorið 2016 er kröfuhafar Glitnis afhentu ríkinu 95 pró-

» Íslandsbanki komst að fullu í eign íslenska ríkisins vorið 2016.

senta eignarhlut sem hluta af stöðugleikaframlagi.

Norðurá í Borgarfirði er ein af bestu laxveiðiám landsins. Við Norðurá eru tvö veiðihús en í aðalveiðihúsinu njóta gestir árinna fullrar þjónustu „eins og best gerist á bestu hótélum,“ segir á vef árinna.

Verð á hverja stöng er mjög breytilegt í laxveiðiám almennt eftir tímabilum yfir sumarið og því erfitt að finna út hver kostnaðurinn kann að hafa verið við þessar boðsferðir. Hann getur numið frá 30 til 150 þúsund krónum á stöng.

Arion banki, sem ríkið á 13 prósentu hlut í, hóf að bjóða viðskipta-

vinum í laxveiði sumarið 2014. Voru það fyrstu boðsferðir bankans frá hrúni. Það sumar var farið í tvær veiðiferðir en þrjár árið 2015.

Haraldur Guðni Eidsson, forstöðumaður samskiptasviðs Arion banka, segir að bankinn upplýsi ekki um samskipti við viðskiptavini sína. Hins vegar hafi bankinn áður veitt upplýsingar um fjölda ferða og í ár hafi þær verið tvær.

Boðsferðir voru íbúðarmiklar og algengar hjá bönkunum fyrir hrún. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kemur fram að samanlagður risnukostnaður Glitnis, Kaupþings og Landsbankans vegna boðsferða, gestamóttöku, veiði, íþróttaviðburða og gjafa á árunum 2004 til 2008 var rúmlega þrjár milljarðar króna. Boðsferðirnar hafi verið birtingarmynd óhófs. – smj

Nýjar hliðar í Geirfinnsmálinu

DÓMSMÁL „Málið hefur mikið aðdráttarafl enda mjög margslungið og dularfullt,“ segir Unnar Steinn Bjarnaldal sem Hæstiréttur skipaði nýverið verjanda Sævars Ciesielskis vegna endurupptöku Guðmundar- og Geirfinnsmálsins.

Unnar segir ekki útilokað að ljósi verði varpað á nýjar hliðar málanna við meðferðina í Hæstarétti.

„Ég mun leggja mig allan fram



Unnar Steinn Bjarnaldal

við að berjast fyrir þeim málstað sem Sævar barðist fyrir og margir trúðu á og það geri ég auðvitað líka,“ segir Unnar. – að / sjá síðu 6

Þúsundir frá Heilsugæslu

HEILBRIGÐISMÁL Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hefur misst 6.500 skjólstæðinga eftir að einkareknar stöðvar tóku til starfa. Með þeim hverfur um 200 milljóna króna framlag frá ríkinu og opinbera heilsugæslan þarf að segja upp fólki

Hefur mjög mikil áhrif, segir forstjóri HH. – sa / sjá síðu 4

Fréttablaðið í dag

Halldór



SKOÐUN Elsa Þóra Eysteinsdóttir skrifar um plastlausan september. **13**

SPORT Körfuboltalandsliðið er án sigurs eftir þrjá leiki á EM. **16**

TÍMAMÓT Háskólinn á Akureyri fagnaði þrjátíu ára afmæli. **20**

LÍFID Fólk kaupir sér ennþá geisladiska og vinylplötur. **28**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


VERTU LAUS VIÐ LIÐVERKI



NUTRILENK GOLD

www.artasan.is

Veður



Í dag er spáð suðaustan 8 til 13 metrum á sekúndu. Myndarlegt úrkomusvæði fer yfir landið og því rignir víða, mest þó sunnanlands. Hiti 10 til 15 stig. **SJÁ SÍÐU 22**

Þorgeir Ingi veitir Tryggva næði til skrifta

STJÓRNSÝSLA Þorgeir Ingi Njálsson hefur verið settur umboðsmaður Alþingis út árið 2017 samhliða Tryggva Gunnarssyni, kjörnum umboðsmanni.

Árið 2013 var umboðsmanni falið að gera fræðsluefni fyrir stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Sökum anna hefur lítill tími gefist til að vinna efnið. Áætlað er að það komi út á næsta ári. Til að gera sér kleift að ljúka vinnunni fór Tryggvi þess á leit við forsætisnefnd þingsins að settur yrði annar umboðsmaður.

Í frétt á vef umboðsmanns segir að Þorgeir muni sinna daglegum störfum umboðsmanns en Tryggvi einbeita sér að fræðsluefninu.

Þorgeir hefur verið dómari við Héraðsdóm Reykjaness og tekur sæti í Landsrétti um áramótin. – jõe

Ábúðarjarðir ríkisins í mínus

LANDBÚNAÐUR Núverandi ábúðarkerfi felur í sér fjárhagslega áhættu fyrir ríkissjóð vegna skyldu ríkisins til endurkaupa á fasteignum ábúanda við ábúðarlok og veðleyfa í jörðum vegna framkvæmda ábúandans á ábúðartíma. Þetta kemur fram í úttekt Hagfræðistofnunar sem unnin var fyrir Fjármála og efnahagsráðuneytið og birt var á föstudag.

Samkvæmt úttektinni virðist eiginlegur búskapur aðeins stundaður á ríflega 60 prósent jarðanna og er þar aðallega um sauðfjárrækt að ræða.

Heildarleigutekjur ríkisins af ábúðarjörðum eru litlar og standa ekki undir ávöxtun ríkisins af þessum eignum né nauðsynlegum rekstrarkostnaði kerfisins. Aðeins um 20 bændur af 115 eru innan við fimmtugt. – að

Lokasprell fyrir veturinn



Glatt var á hjalla í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal þar sem í gær gafst lokataækiferi þetta árið til að skemmta sér rækilega í leiktækjum garðsins áður en þau verða lögð í vetrardvala. Þá spillti ekki fyrir uppskeruhátíð býbænda og sultukynning kvennfélaga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Formaður vill kvótann áfram

LANDBÚNAÐUR Mikilvægt er að snúa af þeirri leið að leggja af framleiðslustyrkingu í mjólkurframleiðslu á Íslandi. Þetta kemur fram í pistli Arnars Árnasonar, formanns Landsambands kúabænda.

Árið 2019 á að endurnýja búvörusamninga og þá kjósa bændur um hvort framleiðsla verði gefin frjálst eða kvótanum viðhaldið. „Með því að gefa framleiðslu frjálsta skapast hættu á offramleiðslu, sem leitt getur til óvissutíma og neytt búgreinina til að bregðast við með aðgerðum sem gætu orðið sársaukafullar fyrir fjölda bænda,“ segir Arnar. – jõe



Arnar Árnason, formaður Landsambands kúabænda

Auglýsa skipulag fyrir virkjun í Strandasýslu

Árneshreppur auglýsir tillögur að breytingu á aðal- og deiliskipulagi vegna Hvaleyrarvirkjunar. Framkvæmdirnar eru umdeildar meðal íbúa hreppsins. Oddvitinn segir það há Vestfirðingum að kaupa orku úr öðrum landshlutum.

SKIPULAGSMÁL Hreppsnefnd Árneshrepps auglýsir nú tillögu að breytingu á Aðalskipulagi hreppsins og deiliskipulagstillögu vegna fyrirhugaðrar Hvalárvirkjunar.

„Það sem háir Vestfirðingum er að þeir geta ekki sett upp litla vinnustaði einu sinni, það þarf að kaupa orku úr öðrum landshlutum,“ segir Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti Árneshrepps.

„Þetta er í rauninni ágætt ferli, að fólki gefist kostur á að senda athugasemdir, þannig að ég fagna því að þetta sé auglýst svona opinberlega,“ segir Elín Agla Briem, íbúi í Árneshreppi, en gagnrýnir annars fyrirhugaðar framkvæmdir.

Í tillögunum felst meðal annars heimild fyrir starfsmannabúðum á framkvæmdasvæðinu, vegir um virkjunarsvæðið verði skilgreindir og efnistökusvæði verði skilgreind við Hvalá, í Hvalá og við Hvalárvatn. Frestur til að skila athugasemdum er til 16. október.

Í álitum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar sem birt var í apríl síðastliðnum, er varað sérstaklega við neikvæðum áhrifum framkvæmdanna á ásynnd og landslag svæðisins þrátt fyrir mótvægisáðgerðir, auk þess sem vistkerfi og náttúruminjar á svæðinu verði fyrir verulega neikvæðum áhrifum vegna framkvæmdanna, en náttúruminjar njóta sérstakrar verndar í náttúruverndarlögum.

Rafmagnið sem virkjunin á að framleiða er þó ekki ætluð til stór-íðju af neinu tagi.

Aðspurð um möguleg áhrif framkvæmdanna á ferðaþjónustu á svæðinu segir Eva oddviti hana hafa



Onefndur foss í Eyvindarfjarðará á Ströndum. MYND/TÓMAS GUÐBJARTSSON.

í för með sér línuveg yfir Ófeigsjarðarheiði og niður í Isafjardardjúp, sem gera myndi að verkum að á kæmist hringvegur sem yrði nýtanlegur yfir sumarið að minnsta kosti.

„Við erum flest á þeirri skoðun að þetta myndi opna nýjar víddir lengra norður á Strandir,“ segir Eva og lætur þess getið að hún sé sjálf frumkvöðull í ferðaþjónustu.

„Rafmagnið verður ekki leitt inn í Árneshrepp heldur út úr hreppnum og inn í djúp,“ segir Elín Agla Briem. Hún bætir við að framkvæmdirnar skapi hvorki störf né rafmagn fyrir hreppinn og bæti ekki samgöngur innan hans.

Þá gagnrýnir Elín Agla þennan virkjunarkost sérstaklega. „Hval-

eyrarvirkjun er 55 megavattavirkjun en Landsnet hefur aðeins lýst sig reiðubúið að kaupa 10 megavött fyrir Vestfirði,“ segir Elín Agla og bætir við:

„Það eru valkostir um miklu minni virkjanir á Vestfirðum sem myndu uppfylla þessa 10 megavattapörf með miklu minna raski en Hvalárvirkjun.“

Aðspurð segist Elín Agla ekki skilja áhuga meirihluta hreppsnefndarinnar fyrir virkjuninni.

„Það eru einkafyrirtæki, HS orka og Alterna Power Corporation í Kanada, á bak við þessa framkvæmd sem hugsa ekki um neitt annað en ágóða fyrir sig.“

adalheidur@frettabladid.is

KAREN MILLEN
gleraugnaumgjarðir á aðeins:
5.900 kr.

prooptik
gleraugu

KRINGLUNNI 2. HÆÐ - HAGKAUPSHÚSINU, SKEIFUNNI SPÖNGINNI, GRAFARVOGI



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

RAV4

ÁREYNSLULAUST TIL ALLRA ÁTTA



RAV4: Verð frá 4.680.000 kr.

RAV4 Hybrid: Verð frá 5.490.000 kr.

Það er svo dýrmætt að geta kúplað sig út úr amstrinu og gefið sig allan í það sem veitir gleði. Náð fullkomnu jafnvægi. RAV4 endurstillir þig og kröfur þínar til aksturs. Mýktin er slík að þú kemst lengra og hærra, áreynslulaust í allar áttir og hönnunin er svipmikil að innan sem utan. Teygðu þig í það sem þú þráir. Komdu og reynsluaktu.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Fjaðrandi sæti og reglur forði frekari hryggjarbrotum

SAMGÖNGUR Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) leggur til að innanríkisráðuneytið setji reglur sem tryggja öryggi farþega um borð í svokölluðum RIB-slöngubátum. Er það gert í ljósi tíðra slysa sem orðið hafa á farþegum slíkra báta undanfarið ár.

Um miðjan síðasta mánuð skilaði sjóslysasvið RNSA tveimur skýrslum sem varða atvik á slíkum bátum. Skýrslurnar voru birtar fyrir helgi.

Fyrri slysið var í september 2015 skammt frá Húsavík í Ömmu Kibbu en báturinn er gerður út af Gentle Giants – Hvalaferðum ehf. Báturinn sigldi í kjölfar annars skips með



Slys varð um borð í báti frá Ribsafari í Eyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR FRÍDRIKSSON

» Farþegi kastaðist til og heyrði hrygginn á sér brotna. Sá hefur verið óvinnufær síðan þá.

þeim afleiðingum að hann skall niður. Farþegi kastaðist til og heyrði hrygginn á sér brotna. Sá hefur verið óvinnufær síðan þá.

Síðara slysið átti sér stað í maí 2016 um borð í bátinum Ölduljóni sem er í eigu Ribsafari ehf. í Vestmannaeyjum. Ölduhæð var

um 1,5 metrar og féll báturinn niður í óvæntan öldudal, um þrjá til fimm metra að sögn aðstoðarskipstjóra, með þeim afleiðingum að tveir farþegar fremst í bátinum slósuðust. Annar farþeganna hlaut brot í hryggjarlið og annar samfall á hryggjarliðum.

Í báðum tilfellum er það mat nefndarinnar að ástæða slyanna hafi verið að bátunum hafi verið siglt of hratt miðað við aðstæður. Til að forða því að sambærileg atvik eigi sér stað leggur RNSA til að reglur verði settar um slíkt skip. Þá er einnig lagt til að fjaðrandi sæti verði tekin upp í frekari mæli. – jõe

Vill rannsókn á United Silicon

STJÓRNSÝSLA Hanna Katrín Friðriksdóttir, alþingismaður Viðreisnar, vill að Ríkisendurskoðun rannsaki aðkomu íslenska ríkisins að starfsemi verksmiðju United Silicon í Helgubú. Hanna vill fá upplýsingar um kostnað sem ríkið hefur lagt í verkefnið og forsendur fyrir umhverfismati.

Í fyrsta lagi vill Hanna fá upplýst hvaða ríkisstyrki fyrirtækið hefur fengið í formi skattaávilnana, í öðru lagi hvaða forsendur lágu að baki umhverfismati og í þriðja lagi hvernig eftirliti er háttáð og hvort ákveðið sé fyrir fram hve lengi aðilar fái að njóta vafans er upp koma vandamál. – ebg



Hanna Katrín Friðriksdóttir

Oddviti Pírata ekki í framboð

STJÓRN MÁL Halldór Auðar Svansson, eini borgarfulltrúi Pírata í borgarstjórn, gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í borgarstjórn eftir kjörtímabilið.

„Á aðalfundi Pírata í Reykjavík tilkynnti ég nú rétt í þessu um erfiða ákvörðun sem hefur verið lengi í fæðingu,“ sagði Halldór í færslu á Facebook í gær. Hann segist þó munu starfa áfram í grasrót Pírata. Þá eigi hann enn verk fyrir höndum í borgarstjórn. „Stærsta verkefni mitt verður að tryggja að kláruð verði almenn lýðræðisstefna fyrir borgina,“ skrifar hann. – gar

Hálft sjöunda þúsund yfirgefur heilsugæslu fyrir einkastöðvar

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hefur misst 6.500 skjólstaðinga á síðustu mánuðum eftir að einkareknar stöðvar tóku til starfa. Skjólstaðingarnir taka með sér um 200 milljóna króna framlag frá ríkinu. Opinbera heilsugæslan þarf því að segja upp fólki. Mikil áhrif á reksturinn, segir forstjóri heilsugæslunnar.

HEILBRIGÐISMÁL Um 6.500 íbúar á höfuðborgarsvæðinu hafa sagt skilið við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) á síðustu þremur mánuðum og fært sig til einkarekinnar heilsugæslu á svæðinu með tilheyrandi tekjuskeringu fyrir opinbera kerfið.

Forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins segir þetta hafa mikil áhrif á reksturinn hjá þeim og draga þurfi saman seglin.

„Já, vissulega hefur þetta mjög mikil áhrif á okkar rekstur. Fjármögnunarlíkan opinbera kerfisins og einkareknu heilsugæslunnar er nákvæmlega það sama og fjármagn fylgir sjúklingi. Það er síðan hverjum frjálst að velja þá heilsugæslu sem hann vill,“ segir Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri HH.

Heilsugæslan rekur fimmtán heilsugæslustöðvar víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu.

Um þrjátíu þúsund krónur fylgja hverjum einasta skjólstaðingi til heilsugæslunnar óháð því hvort sjúklingur skrái sig á heilsugæslu hjá hinu opinbera eða hjá einkareknum stöðvum. Því hefur heilsugæslan misst um 195 milljónir króna og þarf að haga seglum eftir því.

Jónas Guðmundsson, fjármála- og stjórnmálaályktunarnefnd Alþingis, segir þetta geta haft mjög neikvæð áhrif fyrir opinbera heilbrigðiskerfið. Hverjum sjúklingi sé í sjálfsvald sett hvar hann skráir sig til heimilislæknis.

„Við höfum séð dæmi þess í Skandinavíu að opinberri heilsu-



Skjólstaðingar á biðstofunni í heilsugæslunni í Efstaleiti sem er ein 15 stöðva á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

og fækka starfsfólki. Hluti lækna sem vinni nú á einkareknu heilsugæslustöðvunum hafi áður unnið hjá HH og því hafi læknum fækkað hjá þeim að undanförunu.

Guðjón Brjánnsson, fulltrúi Samfylkingarinnar í velferðarnefnd Alþingis, segir þetta geta haft mjög neikvæð áhrif fyrir opinbera heilbrigðiskerfið. Hverjum sjúklingi sé í sjálfsvald sett hvar hann skráir sig til heimilislæknis.

„Við höfum séð dæmi þess í Skandinavíu að opinberri heilsu-

Fjármögnunarlíkan opinbera kerfisins og einkareknu heilsugæslunnar er nákvæmlega það sama og fjármagn fylgir sjúklingi.

Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins



gæslu hafi verið lokað. Þetta gæti haft neikvæð áhrif fyrir ákveðna sjúklingahópa. Nú er hins vegar opinberu heilsugæslunnar að sýna það að hún getur veitt góða þjónustu til að keppa við þennan kunnahóp,“ segir Guðjón.

Markmið með þessum breytingum er að gera heilsugæsluna að fyrsta viðkomustað sjúklinga og minnka þannig álag á Landspítalan sem og að allir einstaklingar geti skráð sig til heimilislæknis. sveinn@frettabladid.is

Björt framtíð vill að brotapolí njóti vafans í kynferðisbrotamálum

STJÓRN MÁL Björt framtíð vill að brotapolí njóti vafans í kynferðisbrotum, bæði í regluverkinu og í framkvæmdinni. Þetta kemur fram í stjórnmálaályktun ársfundar flokksins sem fór fram um helgina. „Það hefur alltaf staðið til hjá okkur í Bjartri framtíð að taka fastar á þessu,“ segir Nicole Leigh Mosty, þingkona flokksins og varaformaður Allsherjar- og menntamálanefndar. Aðspurð um merkingu þessarar ályktunar og hvort flokkurinn vilji snúa við þeirri meginreglu að maður skuli saklaus unnið sekt hans er sönnuð, segir Nicole að málefnið hafi ekki verið ítarlega rætt á fundinum. „Við náðum því miður ekki að ræða þetta vel, við vorum að renna út á tíma,“ segir Nicole Leigh Mosty, en vísar til eldri ályktana flokksins og stjórnsáttmála ríkisstjórnarinnar.



Nicole Leigh Mosty, þingkona Bjartrar framtíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í forgrunni ályktunar fundarins eru þó málefni ráðuneytanna sem flokkurinn fer með og er sérstaklega lagt að ráðherrum flokksins að hafa viðtækt samráð við hagsmunaaðila og aðra stjórnmálaflokka við undirbúning mála. Áhersla er lögð á að ná sem mestri sátt um einstök mál, í ljósi þess að ríkisstjórnin hafi minnsta mögulega meirihluta. – áá

15. september í 4 nætur

Frá kr. 49.995 m/morgunmat

21 FLYGUR FÜRIR á flugsæti m/gistingu

FLUGSÆTI

ÁÐUR KR. 79.900

NÚ KR. 39.950

BRATISLAVA

Crowne Plaza Bratislava

Netverð á mann frá kr. 49.995 m.v. 2 í herbergi.

Heimsferðir

NÝR SUBARU

ER ÖRUGGUR VALKOSTUR



Outback PREMIUM BOXER 4WD

Bensín, sjálfskiptur með Eye Sight öryggismyndavélum.

Verð 5.690.000 kr. – Eyðsla 7,0 l/100 km*

EXTRA

Þú færð EXTRA búnað á nýjan Outback að verðmæti **400.000 kr.**

 **EyeSight**
Driver Assist Technology



SUBARU
Confidence in Motion



Forester PREMIUM BOXER 4WD, Bensín, sjálfskiptur

Verð 4.890.000 kr. – Eyðsla 6,5 l/100 km*

EXTRA

Þú færð EXTRA búnað á nýjan Forester að verðmæti **400.000 kr.**

PANTAÐU EXTRA
FYRIR 30. SEPT.
OG FÁÐU EITTHVAÐ ALVEG

Þú færð EXTRA búnað á nýjan SUBARU ef þú pantar fyrir 30. september

SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

Rekstraröryggi og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sitengt fjórhjóladrif með tölvustýrri stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Rannsaki sleppibúnað

SJÁVARÚTVEGUR Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) ítrekar í nýrri skýrslu sinni að þegar verði hafin endurskoðun á reglum um losunar- og sjósetningarbúnað um borð í íslenskum skipum. Þetta er í annað sinn á þessu ári sem slík tillaga er send Samgöngustofu í öryggissátt.

Fyrir helgi birti nefndin niðurstöðu sína úr rannsókn á banaslysi sem varð í maí í fyrra þegar Brekkunesi ÍS 110 hvolfdi á Vestfjarðarmiðum. Færið var vont og hafði skipstjóri, og jafnframt eini skipverji, strandveiðibátsins hætt sér á svæði sem aðrir bátar vildu eigi fara á. Talið er að alda hafi komið á bátinn en áverkar á hinum látna og ummerki á bátinum benda til þess. Enginn var til frásagnar um atvik.

Sjálfvirkur sleppibúnaður Brekkunessins virkaði ekki en hann var á um 2,5 metra dýpi meðan báturinn var á hvolfi. Við prófun virkaði hann á 3,5 metra dýpi.

Sjálfvirkur sleppibúnaður virkaði heldur ekki sem skyldi þegar Jóni Hákonni hvolfdi á svipuðum stað í júlí 2015. Einn forst í því slysi og þrír komust lífs af við illan leik. RNSA ítrekar eina tillögu sína sem gerð var í niðurlagi skýrslu um atvikið en henni var skilað í febrúar.

„Nefndin telur óásættanlegt að gúmmibjörgunarbátar losni ekki frá skipum ef þeim hvolfir,“ segir í skýrslunni. „[Þ]egar verði hafin endurskoðun á reglum um losunar- og sjósetningarbúnað um borð í íslenskum skipum og heildarúttekt á þeim búnaði sem er í notkun í dag.“

–jóe

» Sjálfvirkur sleppibúnaður fyrir björgunarbát virkaði ekki er skipstjóri handfærabátsins Brekkuness ÍS 110 forst á Vestfjarðarmiðum í maí í fyrra.

Verst vætunni



Liberísk kona sést hér á gangi um stræti miðborgar Monróvíu, höfuðborgar Líberíu. Sökum votviðris hefur hún klætt sig í ruslapoka til að varna því að klæði hennar verði gegnsósa. Gifurleg rigning hefur verið á vesturströnd Afríku frá því í júní. Ekki liggur fyrir hve margir hafa farist í vætunni, og afleiddum atburðum, sem herjað hafa á Gana, Níger, Sierra Leóne og önnur lönd á svæðinu, en ljóst er að þeir skipta hundruðum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Nýjar hliðar Geirfinnsmáls hugsanlegar

Undirbúningur fyrir málsmeðferð í Hæstarétti er í fullum gangi. Margvísleg ný gögn geta enn ratað inn í málið. Mikið undir fyrir réttarríkið segir verjandi Sævars.

DÓMSMÁL Ekki er útilokað að ljósi verði varpað á nýjar hliðar Guðmundar- og Geirfinnsmáls við meðferð málsins í Hæstarétti. Þetta segir Unnar Steinn Bjarndal sem Hæstiréttur skipaði nýverið verjanda Sævars Ciesielskis.

Ákærvaldið vinnur nú að samantekt þeirra gagna sem verða lögð fyrir Hæstarétt, í samráði við verjendur. Að því loknu verða aðilum málsins gefnir frestir til að leggja fram greinargerðir og tímasetning málflytninga í Hæstarétti verður ákveðin þegar hún liggur fyrir.

„Við erum að tala um marga mánuði,“ segir Davíð Þór Björgvinsson, sérstakur saksóknari, um tímann sem undirbúningur fyrir málflytningu muni taka.

Unnar Steinn hefur fylgst með allri umfjöllun um Geirfinnsmál í gegnum tíðina.

„Málið er auðvitað þess eðlis að það gripur flesta mjög sem kynna sér það,“ segir Unnar og bætir við að það sé vel skiljanlegt að fólk sem kynni sér málið dragist mjög ákaft að því. „Málið hefur mikið aðdráttarafl enda mjög margslungið og



Sævar Ciesielski barðist fyrir endurupptöku mála sinna þar til hann lést árið 2011. MYND/BRAGI GUÐMUNDSSON

dularfullt,“ segir Unnar og bendir á að málið hafi líka margar hliðar sem komi þessum málarekstri ekki beinlínis við. „En það er ekki þar með sagt að það séu ekki hliðar á málinu sem verða dregnar fram undir rekstri málsins sem hafa ekki komið fram áður.“

„Þetta er mikið magn gagna og þýðingarmikil málskjöl hlaupa á þúsundum blaðsíðna,“ segir Unnar

og bætir við að ekki sé útilokað að frekari gagnaöflun fari fram af hálfu verjenda. „Það er alveg ljóst að margvísleg gögn geta enn ratað inn í málið jafnvel þótt liðinn sé langur tími og því ekki hægt að útiloka að það verði varpað ljósi á nýjar hliðar málsins.“

Unnar segist finna til sérstakrar ábyrgðar sem verjandi Sævars.

„Það er erfitt að ímynda sér mörg

mál hérlandis þar sem jafnmikið er undir fyrir réttarríkið og tiltrú almennings á refsivörslukerfinu og í þessu máli. Ég hef það á tilfinningunni að allir sem eiga aðild að rekstri þessa máls finni til aukinnar ábyrgðar vegna þess. Fyrst og fremst fyrir sakborningana sjálfa og aðstandendur þeirra en líka fyrir þjóðina alla,“ segir Unnar Steinn.

Sævar lést árið 2011 án þess að sjá

Ég hef það á tilfinningunni að allir sem eiga aðild að rekstri þessa máls finni til aukinnar ábyrgðar.

Unnar Steinn Bjarndal, verjandi Sævars Ciesielskis



árangur af áratugabaráttu sinni fyrir endurupptöku málsins.

„Tilfinningu mín fyrir hans málarekstri er sú að þarna fór maður sem barðist fyrir sakleysi sínu allt til síðasta dags. Ég mun leggja mig allan fram við að berjast fyrir þeim málstað sem Sævar barðist fyrir og margir trúðu á og það geri ég auðvitað líka,“ segir Unnar Steinn.

Aðspurður um hvers sé að vænta í málarekstrinum og hvort vænta megi einhvers konar uppgjörs málsins, segir Unnar:

„Það er mikið undir í þessu máli, enda ljóst að málið hefur legið lengi á þjóðinni og ég trúi því að við eigum, sem þjóðfélag í réttarríki að læra af því sem fór úrskeiðis í málsmeðferðinni hingað til. En fyrst þarf auðvitað að ná fram afdráttarlausri niðurstöðu um sakleysi sakborninganna. Um það snýst málareksturinn sem er fram undan.“

adalheidur@frettabladid.is



100 ÁRA AFMÆLIS TILBOÐ



ASX 4x4 sjálfskiptur, dísil

4.190.000

Verðlistaverð: 4.890.000



SVONA VERÐ BÝÐST BARA EINU SINNI Á HUNDRAD ÁRA FRESTI

Mitsubishi ASX er fjórhjóladrifinn sportjeppi sem skilar þér miklu afli á mjúkan og sparneytinn hátt og er sérstaklega vel útbúinn. Þú situr hærra, hefur meira rými og nýtur fimlegra aksturseiginleika sem auka þægindin í akstrinum. Komdu í reynsluakstur.

- 18" álfelgur
- Bluetooth handfrjáls búnaður
- Rafstýrðir, aðfellanlegir hliðarspeglar
- Leðurklætt aðgerðastýri
- 650W Rockford hljómflutningskerfi
- Skyggt gler í hliðar- og afturrúðu
- Bakkmyndavél og nálgunarvari
- Lyklalaust aðgengi
- Xenon aðalljós



FYRIR HUGSANDI FÓLK

Jóhann á heimsbikarmóti

SKÁK Jóhann Hjartarson hóf í gær þátttöku á Heimsbikarmótinu í skák en hann tapaði fyrir tékkneska ofurstórmeistarannum David Navara. Þetta er í fyrsta sinn frá árinu 2000 sem Íslendingur er meðal keppenda.

Mótið fer fram í Tblisi, höfuðborg Georgíu. Jóhann, sem tók settið af hillunni fyrir skemmstu, vann sér inn þátttökurétt með því að verða Norðurlandameistari fyrir á þessu ári.


Alls taka 128 skákmenn þátt en

meðal keppenda eru flestir af allra sterkustu skákmönnum heimsins. Keppt er eftir útsláttarfyrikomulagi. Keppendur tefla tveggja skáka einvígi og verði jafnt að því loknu er teft til þrautar með styttri umhugsunartíma.

Jóhann hafði hvítt í gær gegn hinum feiknasterka Navara. Vitað var fyrir fram að á brattan var að sækja. Í dag verður það svart og hefst umferðin klukkan 11. Landi Jóhann eigi sigri er þátttöku hans lokið á mótinu. –joe



Jóhann nýbúinn að leika 1. c4 gegn Navara. CHESS.COM/MARIA EMELIANOVA



LÍNAN

BÆJARLIND 16 | 201 KÖPAVOGUR | Sími 553 7100 | LÍNAN.IS
ÓPIÐ MÁN TIL FÓSTUDAGA 11 - 18 | LAUGARDAGA 11 - 16

CCG

As a christian church known by many from our internet page ccg.org, we know there is considerable interest for our literature in Iceland. Because of this we would like to conduct a seminar for interested persons this autumn.

If anyone would like to meet with us, please contact us at secretary@ccg.org



Framkvæmdir við fiskþurrkunarverksmiðju Lýsis hófust í maí. Hún á að vera tilbúin haustið 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fiskþurrkun ein í nýju iðnaðarhverfi Ölfuss

Ekki er ljóst hver kostnaður Ölfuss verður vegna nýs iðnaðarhverfis þangað sem flytja á fiskþurrkunarverksmiðju Lýsis í Þorlákshöfn. Hann verður í fyrstu hærrí en innheimt lóðargjöld þar sem önnur fyrirtæki hafa enn ekki óskað eftir lóð.

ÖLFUS Bæjaryfirvöld í Ölfusi geta ekki svarað hver kostnaður sveitarfélagsins verður vegna framkvæmda við nýtt iðnaðarhverfi þangað sem flytja á fiskþurrkun Lýsis í Þorlákshöfn. Ljóst er að kostnaðurinn verður í upphafi nokkru hærrí en innheimt lóðargjöld þar sem ekkert annað fyrirtæki hefur sóst eftir lóð.

Ölfus og Lýsi sömdu í október í fyrra um að fyrirtækið þyrfti innan fimm mánaða að taka ákvörðun um hvort það myndi byggja nýja fiskþurrkunarverksmiðju á iðnaðarsvæðinu vestan Þorlákshafnar eða loka eldri verksmiðju sinni í bænum fyrir júní 2018. Íbúar í Þorlákshöfn höfðu þá um langt skeið kvartað undan ólykt af starfsemi en Lýsi hefur leyfi til að framleiða 40 tonn af hráefni á sólarhring í bænum.

Mun sveitarfélagið sjá um gatnagerð að lóð Lýsis og stofnlögn fráveitu, og fyrirtækið ekki þurfa að greiða umfram 20 milljónir króna í gatnagerðargjöld. Einnig á að leggja veitur fyrir heitt vatn, kalt vatn, fráveitu út í sjó, rafmagn og ljósleiðara og er nú unnið að hönnun og kostn-



Gunnsteinn R. Ómarsson, bæjarstjóri Ölfuss

aðargreiningu. Þær framkvæmdir munu ekki einungis nýstast nýja iðnaðarsvæðinu heldur einnig bjóða upp á möguleika á hringtengingu á heitu og köldu vatni í Þorlákshöfn.

„Það liggur ekki endanlega fyrir hver kostnaður verður við stofnframkvæmdir. Veitulagnaleiðin er um fjórir kílómetrar í heild og koma veituaðilar á mismunandi stöðum inn á hana. Stofnlögn fráveitu er um 500 metrar. Við gerum okkur grein fyrir því að framkvæmdakostnaður í upphafi verður nokkru hærrí en gjaldtakan af Lýsi sem er eðlilegt þegar nýtt hverfi er skipulagt og tekið í gagn. Væntum þess að samfélagsáhrifin verði mikil og jákvæð og við munum með markvissum hætti auglýsa lóðir á svæðinu á næstunni,“ segir Gunnsteinn

R. Ómarsson, bæjarstjóri Ölfuss, í skriflegu svari til Fréttablaðsins.

„Þó svo ekki sé búið að úthluta þarna fleiri lóðum finnum við fyrir áhuga á svæðinu. Vegna þessa er ekki hægt að segja að sveitarfélagið verði sérstaklega að ráðast í kostnað vegna uppbyggingar Lýsis í hverfinu því allt sem framkvæmt er af hálfu sveitarfélagsins mun nýstast við áframhaldandi uppbyggingu,“ segir Gunnsteinn. Bæjarstjórinn bætir við að í fyrsta áfanga framkvæmdanna verði lagður 120 metra vegur inn í hverfið, að lóð Lýsis, sem verði svo lengdur í áföngum eftir því sem iðnaðarhverfið byggist upp.

Guðmundur Oddgeirsson, bæjarfulltrúi Ö-listans, sat hjá er samkomulagið við Lýsi var samþykkt.

„Ég er enn á því að Lýsi eigi að loka fiskþurrkuninni þegar í stað enda er umhverfissóðaskapurinn sem viðgengst með því að dæla ólofti yfir heimili íbúa og gesti Þorlákshafnar með öllu óliðandi. [...] Ekki á að gefa neinn afslátt af starfsleyfisskilyrðum,“ bókaði Guðmundur þá. sveinn@frettabladid.is

TILBOÐ Á GRILLUM

Char-Broil aukahlutir á 40% afslætti.

25-40%
AFSLÁTTUR

1.-15.
SEPTEMBER

Char-Broil

Netgíró
Betri leið til að borga

40%

CHAR-BROIL 220B
Grillflötur 416x435 mm
Tveir brennarar
35.940 KR.
VERÐ ÁÐUR 59.900 KR.

REKSTARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís



Glaðheimar

– þorp í miðju mannlífsins



Skoðaðu hverfið á www.gladheimahverfid.is

og komdu í stafræna útsýnisferð um einstakt hverfi í miðju höfuðborgarsvæðisins.



EINSTÖK STAÐSETNING

Glaðheimar er lítið samfélag í hjarta Kópavogs, fallett þorp í miðju mannlífs, þjónustu og menningar. Í göngu- og hjólaferi eru allar nauðsynjar, hvort sem er að ræða skóla, verslanir, heilbrigðisþjónustu, íþróttamannvirki, veitingastaði eða útivistar- og tómstundarsvæði.



SPLUNKUNÝJAR ÍBÚÐIR Í UPPBYGGÐU UMHVERFI

Útlit húsa og almenningsvæða er úthugað, íbúðirnar sérlega bjartar og rúmgóðar og áhersla lögð á lífsgæði og þægindi.



GLAÐHEIMAR



Markaðsstofa
Kópavogs



Kópavogsbær

Byggingarfélagið Bestla

Dalhús
BYGGINGAFÉLAG

GG VERK
Byggingaverktaki

Sérverk ehf
Byggingaverktakar

HÚS
Byggingaverktaki

Húsafli
BYGGINGAFÉLAG

MátX

Nordic
Holding

Glaðheimahverfið er samstarfsverkefni Kópavogsbæjar og 8 byggingarfyrirtækja sem hafa það sem sameiginlegt markmið að byggja upp glæsilega íbúðabyggð á einstökum stað. Byggingar, frágangur lóða og öll hönnun verður einstök.



Útgerð Hauks á einnig bátana Knórrinn og Fjald. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓNAS EMILSSON

Eldur í hvalaskoðunarbáti sem áður steytti á skeri

SAMGÖNGUR Öryggismönnum á skipum sem annast farþegaflutninga hérlandis er undir lágmarki og þörf á að gripa til aðgerða til að bregðast við stöðunni. Af þeim sökum hefur Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) lagt til við Samgöngustofu að forsendur þess efnis verði endurskoðaðar.

Tilfni tillögunnar er atvik sem átti sér stað í ágúst í fyrra um borð í hvalaskoðunarbátinum Hauki, sem gerður er út af Norðursiglingu á Húsavík. Þrjátíu og þrjár farþegar voru um borð en aðeins tveir skipverjar. Afgasrör bátsins fór í sundur og við það fylltist vélarrúm bátsins af reyk. Þjörgunarsveitir voru kallaðar út en báturinn náði að sigla

klakklaut aftur til hafnar.

Skipstjóri bátsins var jafnframt vélstjóri hans og kemur fram í skýrslu RNSA um atvikið að hann telur mönnum vera ábótavant. RNSA tekur undir þau sjónarmið og beinir tilmælum til Samgöngustofu að tryggja mönnum á farþegaskipum.

Annarri skýrslu um atvik á sama báti var einnig skilað í síðasta mánuði. Þá hafi hann tekið niðri á skeri við Lundey. Högg kom á skipið en ekki varð vart við leka. Orsök slyssins var óvarleg sigling skipstjóra og beinir nefndin þeim tilmælum til útgerðarinnar að skipstjórum verði gert skylt að sigla eftir fyrir fram merktum og öruggum siglingaleiðum til að tryggja öryggi. –joe



Kim Jong-un sést hér standa vígreifur ásamt samstarfsmönnum sínum yfir vopninu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Langöflugasta sprengja Norður-Kóreu til þessa

Stjórnvöld í Pyongyang sprengdu í gær vetnissprengju. Vopnið er þróaðra og öflugra en talið var að ríkið byggi yfir. Leiðtogar stærstu ríkja heims fordæma árásina. Flestir kalla eftir hertum þvingunaraðgerðum vegna tilraunarinnar.

NORÐUR-KÓREA Yfirvöld í Norður-Kóreu sprengdu í gær vetnissprengju og var hún sú öflugasta sem ríkið hefur sprengt hingað til. Tæpt ár er liðið frá síðustu kjarnorkutilraun ríkisins.

Síðla laugardagskvölds, að íslenskum tíma, tilkynntu norðurkóresk stjórnvöld að þau hefðu smíðað háþróaða vetnissprengju. Sprengjan var síðan sprengd neðanjarðar í norðurhluta landsins nokkrum tímum síðar. Talið er að kraftur sprengjunnar hafi verið á bilinu fimmtíu til hundrað kílótonn. Til samanburðar var sprengjan sem varpað var á Hiroshima fimmtán kílótonn. Stærsta sprengja sem Norður-Kórea hafði sprengt hingað til var rúm fimmtán kílótonn.

Þetta er fyrsta slíka tilraunin sem Norður-Kórea gerir frá því að Donald Trump kom sér fyrir í Hvíta húsinu. Talið er ljóst að henni hafi verið ætlað að senda skýr skilaboð til Bandaríkjanna. Klukkustundum áður en hún sprakk hafði Trump rætt simleiðis við japanska starfsbróður sinn, Shinzo Abe. Á undanförunum vikum og mánuðum hafði aukið þúður verið sett í eldflaugatilraunir norðurríkisins. Kim Jong-un hefur fullyrt að þess sé ekki langt að biða að ríki sitt verði fært um að flytja kjarnorkuvopn með slíkum flaugum.

„Bandaríkin ihuga nú, í bland við aðrar mögulegar aðgerðir, að

Margfalt öflugri en síðasta sprengja

Vetnissprengjan sem sprakk í gær var mun öflugra og fagaðra vopn en talið var að Norður-Kórea hefði í fórum sínum. Þá er gerð hennar talsvert flóknari en klassískrar kjarnorkusprengju.

Venjulegar kjarnorkusprengjur eru knúnar áfram af kjarnaklofnun. Í vetnissprengjum á kjarnasamruni, líkt og við þekktum úr stjörnum, sér hins vegar stað. Smíði slíkra vopna er flóknari en þær á móti mun hættulegri hafi ríki náð tökum á smíðinni. Eyðilegging á mannvirkjum er minni en af venjulegri kjarnorkusprengju en áhrif á lífverur eru öllu meiri. Rússar, Frakkar, Bandaríkin, Bretar og Kínverjar búa yfir vetnissprengjum í vopnabúri sínu.

Sprengjunni í gær fylgdi jarðskjálfti 6,3 að styrk. Fannst hann meðal annars í Kína. Skjálftinn í kjölfar tilraunarinnar þann 9. september í fyrra mældist 5,3 að styrk.

hætta öllum viðskiptum við ríki sem skipta við Norður-Kóreu,“ tisti Donald Trump í gær vegna tilraunarinnar. Líkt og við var að búast fyrir hann mikinn á samskiptamiðlinum.

Sagði hann meðal annars að landið væri mikil ógn við öryggi Bandaríkjanna, niðurlægjandi fyrir Kína og að norðurkóresk yfirvöld „skildu aðeins einn hlut“.

Varnarmálaráðherra landsins bætti um betur og sagði að öllum hótunum gegn Bandaríkjunum eða bandamönnum þeirra yrði svarað með „massífum hernaðaraðgerðum“.

„Rússland er enn sannfært um að unnt sé að leysa stöðuna á Kóreuskaganum með samræðum deiluaðila,“ segir aðstoðarutanríkisráðherra Rússlands Sergei Ryabkov. Hann segir enn fremur að Rússar fordæmi tilraunirnar en ótímabært sé að ræða frekari þvingunaraðgerðir gegn ríkinu.

Moon Jae-in, forseti Suður-Kóreu, kallaði eftir hörðustu mögulegu aðgerðum sem í boði eru. Þar á meðal var ákall þess efnis að öryggisráð SP gripi til aðgerða með það að markmiði að einangra landið algerlega. Þjóðaröryggisráð Suður-Kóreu var kallað saman vegna atviksins og viðbúnaðarstig hersins hækkað.

Emmanuel Macron, forseti Frakklands, kallaði eftir því að öryggisráðið kæmi saman vegna málsins. Þá sagði Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, tilraunir Norður-Kóreu „kærulausar“ og að þær væru óásættanleg ógn gegn stöðugleika alþjóðasamfélagsins. johannoli@frettabladid.is

Japönsk prinsessa lofast almúgamanni

JAPAN Makó prinsessa, elsta barnabarn Akihito Japanskeisara, hefur trúlofast lögfræðingi sem ekki er af aðalsættum. Trúlofunin þýðir að hún mun afsala sér öllum keisaralegum réttindum.

Í japönskum lögum er áskilið að fólk úr keisarafjölskyldunni verði að giftast fólki af sambærilegri stétt eða ella njóta sömu réttinda og pöpullinn. Verðandi eiginmaður Mako er lögfræðingurinn Kai Kamuro. Þau kynntust er þau voru í námi samtímis í Tokyo.

Hávær orðrómur er uppi þess efnis að keisarinn Akihito muni láta


af embætti á komandi mánuðum en hann er á níraðisaldri og orðinn heilsuveill.

Óvissa ríkir um framtíð japönsku keisaraættarinnar en Makó er aðeins eitt fjögurra barnabarna keisarans. Ákveði hin þrjú einnig að gifta frá sér erfðaréttinn er viðbúið að ætt keisarans, sem unnt er að rekja aftur til ára fyrir Kristsburð, lofnist út af. Hingað til hefur tignin aðeins erfst í karlegg en umræða hefur verið uppi í landinu um að leyfa kvenkyns keisara eða leggja embætti keisara alfarið niður. –joe



Mako og Kei á blaðamannafundi þar sem þau tilkynntu trúlofun sína. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

NÝTT BLAÐ HÓLF OG GÓLF BREIDD



Vinnur þú
100.000 kr.
inneign hjá Hólf & Gólf?

Taktu mynd af rými sem þarfnast yfirhalingar, hvort sem það er baðherbergi, stofa, eldhús eða annað.

Settu myndina á Instagram og merktu: #bykotrend

Föstudaginn 22. september verður heppinn vinningshafi dreginn úr pottinum.



Snapchat:
svartahvitu

Svana Lovisa Kristjánsdóttir hjá Svart á hvítu verður gestadómari og verður hægt að fylgjast með leiknum á www.trendnet.is /svartahvitu/ á facebook síðu BYKO og Instagram.

#bykotrend

HÓLF
& GÓLF

BYKO BREIDDINN

theater
mogul

kynnir

Bæjarbíó
Hafnarfirði

Gamla Bíó
Reykjavík



HALLISBÚINN

Leikari: Jól Sæmundsson

Leikstjórn: Emma Peirson



MÍÐASALA Á MÍÐI.IS



Gaman að lifa



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Hvernig lifur þér? Hvernig hafa krakkarnir það? Mamma þín? Þú og þitt fólk? Okkur er tamt að spyrja hvert annað um líðan og velferð þeirra sem við þekkjum og látum okkur annt um. Og þó svo ekki sé alltaf gert ráð fyrir alveg 100 prósent heidarlegu svari og kurteisibragur sé á samræðunum þá segir þetta okkur heilmikið um það hvað skiptir máli í lífinu. Velferð fólks og líðan skiptir okkur máli – blessunarlega.

Margrét Helga Jóhannesdóttir leikkona benti á það samfélagsmeini í viðtali hér á síðum blaðsins á laugardaginn að í íslensku samfélagi sé alltaf talað um peninga en aldrei um mannúð eða velferð. Tilfnið fyrir ábendingunni er gagnrýni Margrétar Helgu á að lífeyrisþegum sé með óréttlátum hætti refsað fyrir það að vinna. Það er túlkunaratriði en þó er óhætt að segja að kerfið sé að minnsta kosti letjandi. Kerfið letur lífeyrisþega til þess að vera áfram virkir í atvinnulífnum og sækja sér þangað félagsskap og lífsfyllingu með því að leggja sitt af mörkum og uppskera í samræmi við það með sanngjörnum hætti. Þessi einangrunarstefna er gott dæmi um það hvernig peningar eru hér upphaf og endir alls, á meðan gildi eins og mannúð og velferð eru lögð á krónukvarða. Hvað kostar þetta? Það er spurningin sem öllu ræður og engu eyrir.

Hvernig lifur þér? Þetta er spurningin sem við öll, og íslensk stjórnsmál sérstaklega, þurfum að spyrja og leitast við að svara í opinni einlægri umræðu. Stjórnsmál sem snúast bara um peninga en ekki raunveruleg gildi á borð við líðan okkar og velferð eru á afleitri leið. Þetta er umræða sem liggur í skotgrafarhernaði flokkanna og eins og í öðrum hernaði þá er mannúðin látin liggja á milli hluta og það jafnvel þó svo óbreyttir falli í einsemd og vanlíðan eins og veruleikinn er í dag.

Það eru ekki aðeins lífeyrisþegar sem tapa á þessari umræðu. Það er reyndar erfitt að sýna fram á að samfélagið tapi fjármunum með því að halda þessu fólki frá vinnu, þvert á móti, en látum það liggja á milli hluta. Samfélagið þarf á vinnandi höndum að halda. Skólarnir hafa verið í sinni árstiðabundnu og allt að því órvæntingarfullu leit að starfsfólki að undanfögnu, víða vantar fólk til alls konar starfa og svo má horfa til vaxandi greina á borð við kvikmynda- og sjónvarpsþáttagerð. Þar er auðvitað brýn þörf á því að geta speglað allan aldur samfélagsins. Hvað hefði okkur til að mynda fundist um kvikmyndina Börn náttúrunnar ef aðalpersónurnar hefðu verið á miðjum aldri? Það er hætt við að án Sigríðar Hagalín og Gísla Halldórs-sonar hefði tilnefning til Óskarsverðlauna vart orðið að veruleika.

Við þurfum nefnilega að muna að mannúð og mannréttindi eiga að ná yfir öll aldursskeið rétt eins og landamæri og að ekkert okkar hefur rétt til þess að hengja verðmíða á líf annarra og velferð. Því eins og segir í stökunni góðu eftir Húsvíkinginn Kristján Ólason: Þegar vikur vetrarnótt / og vorsins fuglar klífa. / Gömlum manni getur þótt / gaman enn að lifa.



Við þurfum nefnilega að muna að mannúð og mannréttindi eiga að ná yfir öll aldursskeið rétt eins og landamæri og að ekkert okkar hefur rétt til þess að hengja verðmíða á líf annarra og velferð.

Halldór



Frá degi til dags

Fólkið á flugi

Inga Sæland og félagar í Flokki fólksins hafa verið á miklu flugi síðustu daga og vikur. Í nýjum þjóðarpóls Gallup mælist flokkurinn með ellefu prósentu fylgi og sjö þingmenn yrði kosið nú. Þá hefur flokkurinn mælt með menn inni í borginni í könnunum Fréttablaðsins. Kannanir eru hins vegar ekki kosningar og þegar allt kemur til alls eru það kjörseðlarnir sem gilda. Ætli flokkurinn sér að halda sjó er rétt að draga lærdóm af lífskeiði Samstöðu, Íslensku þjóðfylkingarinnar og annarra skammlifra flokka. Og Íkarusi auðvitað.

Hvuttar á kænur

Ársfundur Bjartrar framtíðar fór fram um helgina og kynnti Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra þar meðal annars tillögur sínar um hvutta á kænur. Í aðdraganda fundarins sagði formaðurinn, Óttarr Proppé, að flokkurinn hefði „ekki almennt hlaupið algerlega í vinsældapólitíkina“. Óvist er hvort pollinn fyrrverandi hafi dregið þá ályktun út frá stefnuskrá flokksins eða fylgi hans í skoðanakönnunum en mögulegt er að heimfæra ummælin á bæði tilvik. Fróðlegt verður að sjá hvort útspilið nú, og atkvæði Snata, Seppa og Perlu, nægi til að hífa flokkinn úr Pilsner-styrkleika eða hvort hann endi sem maltöl. joli@365.is

Skattaafslættir



Gunnar Alexander Ólafsson
jafnaðarmaður

Nýlega hafa borist áskoranir, m.a. frá Samtökum atvinnulífsins og frá þingmanni Sjálfstæðisflokksins, til fjármálaráðherra um að veita almenningi skattaafslátt til að kaupa hlutabréf. Óumdeilt er að slík aðgerð nýtist nær eingöngu tekjuhæstu einstaklingunum í samfélaginu.

Miklu fleiri leiðir til sparnaðar

Það er undarleg forgangsröðun að nota skattkerfið til að hygla þeim sem hafa hæstu tekjurnar með því að veita þeim sérstakar hlutabréfabætur. Ljóst er að hvorki lífeyrisþegar né almennt launafólk mun notfæra sér þetta „kostaboð“ til að lækka skattstofn sinn, af þeirri einföldu ástæðu að fólk hefur nóg annað við fé sitt að gera en að kaupa hlutabréf.

Hlutabréfakaup einstaklinga er ein tegund af sparnaði. Ef tilgangurinn með þessari undarlegu tillögu er að auka sparnað í samfélaginu eru miklu fleiri leiðir til þess, t.d. að auka vaxtabætur. Ef það er svigrúm til að lækka skatta er það meir í anda jafnaðarmennsku að veita fólki skattaafslátt vegna t.d. greiðslna fyrir heilbrigðisþjónustu og lyfjakaup og vegna ferðakostnaðar af þeim sökum. Einnig mætti hækka vaxtabotageiðslur eða veita þeim sem skulda íbúða- eða námslán skattaafslætti vegna afborgana.

Kolröng forgangsröðun

Hér að ofan eru nefndar þarfari hugmyndir um skattaafslætti sem nýtist fleirum en þeim tekjuhæstu. Það er kolröng forgangsröðun að berjast fyrir skattaafslætti fyrir hina tekjuhærri, þegar krabbameinssjúkum er neitað um frádrátt frá skatti vegna mikilla útgjalda vegna heilbrigðisþjónustu.

Fólk getur sótt um frádrátt frá skatti vegna mikilla heilbrigðisútgjalda hjá Ríkisskattstjóra, en þær reglur eru túlkadár þröngt og sjaldan fallist á slík erindi. Það segir margt um hug þingmanna sem berjast fyrir hlutabréfabótum en ekki fyrir bótum vegna hárra heilbrigðisútgjalda!

Tillaga um skattaafslætti er í samræmi við málflutning hægri manna og þjónar tekjuhæstu einstaklingum í samfélaginu, um leið og hún gengur gegn jöfnuði og skilur eftir þá sem hafa meðal og lægri tekjur með sárt enni.

Apótek
Garðabæjar

Gríptu lyfin á leiðinni heim
Apótek Garðarbæjar í alfaraleið



Litlatún 3, Garðarbæ | Sími 577 5010

„Stærsta sinnar tegundar“

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson



Enginn af þessum ráðamönnum virtist hugsa út í orkuþörfina sem þessu fylgdi eða reikna með öðru en öllum hugsanlegum en ósamþykktum virkjunum til að knýja herlegheitin. Enginn þeirra virtist hugsa út í þá mengun sem af muni hljóttast; enginn virtist sjá það fyrir að verksmiðjan færi í þrot eftir þrjú ár.

Það urðu tímamót nú um mánaðamótin þegar Umhverfisstofnun tók þá ákvörðun að stöðva starfsemi kísiliðju United Silicon í Helgúvík. Í fyrsta sinn fær stóriðja hér á landi ekki að hafa sína henti-semi og stjórnvöld grípa í taumana. Fram til þessa hafa íslensk stjórnvöld verið heimsfræg fyrir undirdánugheit við stóriðjuhölda („minimum red tape“). Kannski er þetta ásamt öðru til vitnis um að nú fari senn að ljúka kafla í atvinnusögu Íslendinga – stóriðju-kaflanum. Vonum það.

Fyrsti áfanginn

Þegar fyrsta skóflustungan var tekin að kísiliðjunni fyrir þremur árum var naumast þverfótad fyrir silkiþúfum með skóflur – ráðherra og sveitastjórnarmenn vildu allir fá mynd af sér að moka kolum til að knýja hjól atvinnulífsins. Allir töluðu um hversu gríðarlega stórt þetta yrði. Þannig sagði þáverandi forsætisráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, meðal annars við blaðamenn:

„Þetta er auðvitað mjög gleðilegur dagur því hér er verið að taka skóflustungu að verksmiðju sem stefnt er að því að verði sú stærsta sinnar tegundar í heiminum. Þetta er líka fyrsti áfanginn í mjög mikilli uppbyggingu um allt land þannig að þetta er mjög gleðilegur dagur.“

Þetta er að sönnu hrollvekjandi ef rættist draumsýn ráðherrans um svona „uppbyggingu um allt land“ – United Silicon verksmiðjur í hverju holti með tilheyrandi brælu og almennu heilsuleysi. Og hver og ein auðvitað „sú stærsta sinnar tegundar í heiminum“ eins og skóflufólkið þrástagaðist á þennan „gleðilega dag“. Eins og það væri eftirsóknarvert markmið í sjálfa sér að hafa stærsta kísilver í heimi ofan í byggð.

Enginn af þessum ráðamönnum virtist hugsa út í orkuþörfina sem þessu fylgdi eða reikna með öðru en öllum hugsanlegum en ósamþykktum virkjunum til að knýja herlegheitin. Enginn þeirra virtist hugsa út í þá mengun sem af muni hljóttast; enginn virtist

sjá það fyrir að verksmiðjan færi í þrot eftir þrjú ár. Og hefði á þeim tíma skapað sér nafn fyrir athugasemdir Vinnueftirlitsins í 17 liðum vegna aðstöðu starfsfólks, skort á sérkjarasamningum, eldsvoða, ógreidd lóðagjöld, vanskil við verktaka og svo mikla mengun að íbúar í grennd fundu til verulegra sárinda í hálsi og annarra óþæginda.

Var þó enn langt í land með að náð yrði markmiðnum sem forsætisráðherrann var svo spennur fyrir: að verksmiðjan yrði stærst í heimi; einungis er búið að byggja einn ofn af fjórum áformuðum; enn eru þarna bara 32 MW í stað áformaðra 128 MW og verður framleiðslugetan þá orðin 90.000 tonn; hætt við að íbúarnir fái þá aldeilis að kynna þvi hvernig er að búa í 1,8 kílómetra fjarlægð við slíka iðju. Síðan ætlar Thorsil að reisa 110.000 tonna kísiliðjuver. Samanlagt munu verin brenna um 300.000 tonnum af kolum á ári.

Kolum. Á Íslandi.

Í ósátt við náttúruna

Sú hugmynd að ausa slíku magni af kísilryki í vitin í íbúum í 1,8 kílómetra fjarlægð er svo sannarlega „sú stærsta sinnar tegundar“; einhvers konar atлага að heimsmeti í frekju. Ekki ræður för umhyggja fyrir fólki, svo mikið er víst. Allt er þetta til marks um að í huga íslenskra ráðamanna hefur það löngum verið svo, að þegar

rekast á hagsmunir almennings og hagsmunir stóriðju skuli stóriðjan njóta vafans. Um hagsmuni náttúrunnar þarf ekki að fjölyrða. Margt bendir raunar til þess að íslenskir ráðamenn séu margir beinlínis andvígir náttúrunni og telji það sérstakt hlutverk sitt að stuðla að því að framkvæmdir séu ævinlega gerðar í ósátt við náttúruna, og helst þannig að hún hljóti sem mestan skaða af. Annað sé aumingjaskapur. Vera má að þetta sé arfur hugsunarháttar þar sem sá þykir mestur bóndi sem tekst að beita fé sínu á sem mestan nýgræðing, og þá helst á örfoka land.

Þetta kann að vera ýkjkennt tal en breytir ekki hinu að margt er enn á huldu um þetta ævintýralega kísilklúður. Guðmundur Hörður Guðmundsson spyr ýmissa áleitinna spurninga um þetta brólt allt saman í grein í Stundinni frá 29. ágúst. Arion banki hefur að miklu leyti fjármagnað þetta framtak og lífeyrissjóðir hafa sett rúmlega tvo milljarða í þessa hit – og í ljósi þessa fjárausturs úr sjóðum almennings hljótum við að mega vænta svara við að minnsta kosti helstu spurningunum sem vaknað hafa. Til dæmis: Hver á þetta?


Guðmundur Hörður spyr: „Hverjir eru raunverulegir eigendur USI Holding BV, huldufélagsins sem á stærstan hlut í United Silicon, og hvers vegna fela þeir sig í Hollandi, þekktu skattaskjöli?“ Hann spyr líka um það hver sé eigandi Geysis Capital, félags sem á lóðina í Helgúvík, og hvort skattur af leigu lóðarinnar hafi verið greiddur hér á landi eða færður í skjól gegnum hollenska félagið USI Holding BV, sem er formlegur eigandi að Geysi Capital.

Á íbúum Suðurnesja hafa dunið margvisleg áföll á umliðnum áratugum. Framsalskerfið á kvóta í sjávarútvegi hefur leikið svæðið grátt eins og aðrar sjávarbyggðir hér á landi; herinn fór og skildi eftir sig nokkra kakkalakka og guð má vita hvaða rusl grafið í jörðu; Sparisjóður Keflvíkinga var tæmdur af miklum dugnaði – og þannig mætti lengi telja. Lausnarorðið í þessu vandræðum var jafnan eitt og aðeins eitt: stóriðja. Nú er komið á daginn hvað í henni felst: mengun, vöndur aðbúnaður, leiðindi og ljótleiki. En það dugmikla fólk sem þarna býr hefur náð að koma undir sig fótunum á ný þrátt fyrir öll þessi áföll. Og hvað varð þeim til bjargar? „Eitt-hvað annað“: Fólk sem hingað flykkist til að upplifa fjöll og dali, mela og klappir, vind og himin, eld og haf; náttúruna sem ráðamennirnir hafa hatast við svo lengi.

FRÉTTABLAÐIÐ

89%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.



*Fréttablaðið og Morgunblaðið. Heimild: Prentmiðlamæling Gallup apr.-jún. 2017.

Plastlaus september



Elsa Þórey Eysteinsdóttir líffræðingur, í stjórn plastlauss september

Einnota plast er einungis notað í nokkrar mínútur, rétt á meðan drukkið er úr glasi eða borðað af diskum, svo fer það í ruslið, eða í besta falli í endurvinnslu. Allt plast sem einhvern tíma hefur verið framleitt er þó enn til, það brotnar niður í minni einingar en eyðist ekki. Sum ríki hafa markað sér stefnu til að minnka plastnotkun enda er um að ræða vaxandi vandamál.

Við getum sjálf ákveðið að minnka notkun á einnota plasti í okkar daglega lífi. Við getum valið vörur sem pakkað er í annars konar umbúðir, sleppt rorum og lokum þegar við kaupum drykki, farið með eigin ílát í verslanir sem það bjóða, keypt sápuþykki í staðinn fyrir brúsa, valið grænmeti sem ekki er pakkað í plast. Áherslan er á einnota plast, engin ástæða er til að henda því plasti sem til er, reynum að nota minna en endurnotum og endurvinnnum það plast sem fer um



Hafið er matarkista okkar en virðist um leið vera okkar ruslakista. Allir sjá að það fer ekki saman.

hendur okkar. Fjölmörg ráð er að finna á heimasíðunni plastlausseptember.is

Plastlaus september hvetur okkur til að kaupa minna af einnota plasti í september. Við veljum verkefni við hæfi og hvort við tökum þátt í einn dag, eina viku, allan mánuðinn eða til frambúðar. Öll skref í átt að hreinni jörð eru mikilvæg skref hversu stór sem þau eru.

Gríðarlegt magn af einnota plasti er urað eða endar í hafinu sem er mikið áhyggjuefni. Samkvæmt könnun Náttúruverndarsamtaka Íslands á viðhorfi almennings til ástands hafins frá 2016 hafa 80 prósent Íslendinga miklar áhyggjur af plastmengun í hafinu, og er full ástæða til. Hafið er matarkista okkar en virðist um leið vera okkar ruslakista. Allir sjá að það fer ekki saman. Plastlaus september er árvekiátak sem hvetur fólk til að draga úr notkun á einnota plasti og bendir á leiðir til þess á vefsíðu sinni og Facebook síðu.



Allt sem þú þarft ...



Starfsmanna- og munaskápar

RMI
OFNASMÍÐJAN
www.rymi.is



nordanfiskur
Góður kostur - á hvers manns disk!

Yfir 300 vörutegundir fyrir veitingastaði, mötuneyti og fyrir þig!

www.nordanfiskur.is | 430-1700 | pantanir@nordanfiskur.is

Jökulsárlón á Breiðamerkursandi - Friðun til óþurftar?



Páll Ímsland
jarðfræðingur

Umhverfisráðherra hefur friðlýst Jökulsárlón. Engin vitræn umræða hefur farið fram um málið og daginn eftir lýsir ráðherrann því yfir opinberlega að flokkur hans þurfi að gera meira en tala minna. Þegar öllu er á botninn hvolft gerði flokkur hans kannski betur með því gera minna en hugsa meira.

Ég tek fram til að forða misskilningi að ég er sjálfur náttúruverndarsinni og einlægur unnandi allrar náttúru, einkum óspilltrar. Ég veit að það þarf að taka traustar ákvarðanir í náttúruverndarmálum þegar slíkar eru teknar, ákvarðanir sem eru ekki byggðar á skammsýni eða óskhyggju einstaklinga, ákvarðanir sem sjá fram í tímann, ákvarðanir sem skila tilætludum árangri, en eru ekki lína í upptalningaskrá ráðherra í friðunarmálum eða viðleitni hans til þess eins að gera meira.

Jökulsárlón og Breiðamerkurjökull eru náttúrufrábærir í afar örri náttúrufráslegri þróun og friðlýsing á slíkum stöðum er vandasamari en ella. Í slíkum málum þarf að huga vel að öllum þáttum áður en gripið er til ákvarðana og skyndiákvæðanir eru ekki líklegar til að skila góðum árangri. Svona ákvarðanir í pólitík eru þó ekki nýjar af nálinni og voru hér áður fyrr kallaðar pennastríksákvarðanir.

Náttúruvernd er afar vandmeðfarið mál og þó flestir viti að náttúruvernd er nauðsynleg þá er ekki sama hvernig að henni er staðið og hvernig hún er síðan framkvæmd.

Heimspæki náttúruverndar er flókin og ekki einhlit og kannski er henni ekki skenktur nægur þanki. Í náttúruvernd er meira að segja fölginn alvarleg þversögn og hún hljóðar svona:

Verndun náttúru hefur þann tilgang að spara viðkomandi náttúru handa óbornum kynslóðum til þess að njóta hennar. Þetta felur í sér, að ef við nútímafólk njótum hennar þá spillist hún og verður ekki söm í framtíðinni. Þetta felur líka í sér, að þegar hinar óbornu kynslóðir sem náttúran var friðuð handa, taka sig til og fara að njóta hennar þá spillist hún og verður ekki lengur söm. Friðunin ber þannig aldrei einfaldan tilætlaðan árangur. Það er í raun alls ekki hægt að friða náttúruna með þeim árangri sem til er ætlast.

Tilgangurinn virðist óskýr

Það ætti að vera ljóst að ég er ekki sérlega hlynntur umræddri friðlýsingu austur á söndum. Hvers vegna? Í stuttu máli, vegna þess að málin hafa ekki verið skoðuð nægilega vítt og framsætt. Tilgangurinn virðist vera óskýr og er kannski í raun marklaus.

Til hvers leiðir þessi friðun? Það er oft búið að ræða náttúrufrás og þróun þess á þessum slóðum, bæði almennt og einstaka þætti þess og oftast af miklum vanskilningi á eðli náttúrunnar þarna. Fáir virðast sjá og skilja djúpum skilningi hvað þarna er að gerast, það flókna samspil margra og ólíkra náttúrufrásþátta sem þarna eru virkir, hvernig þetta gerist og til hvers það getur leitt.

Ög svo eru hlíðarsporin. Hvaða áhrif hefur friðlýsingin t.d. á möguleika til mannvirkjagerðar á svæðinu? Verður kannski ekki leyfilegt að aðhafast neitt, þegar að því kemur að bregðast þarf við sjávarrofinu á ströndinni við ós Jökulsár,



Verðum við vegna þessarar friðunar að búa við það á næstu áratugum og í fjarlægari framtíð að ekki verði vegasamgöngur og línulagnir á milli Suðurlands og Austurlands vegna þess að ekki má verja eina hugsanlega vegar- og línustæðið fyrir rofi sjávar?

þegar það ógnar að setja af stað lokaþáttinn í því að rjúfa þetta mjóa haft sem er á milli sjávar og löns? Verðum við vegna þessarar friðunar að búa við það á næstu áratugum og í fjarlægari framtíð að ekki verði vegasamgöngur og línulagnir á milli Suðurlands og Austurlands vegna þess að ekki má verja eina hugsanlega vegar- og línustæðið fyrir rofi sjávar? Eða verður að afturkalla friðunina og lýsa hana markleysu til þess að geta brugðist við. Ef svo fer þá hverfur traust manna til friðunar á náttúrunni, ekki bara þarna, heldur almennt.

Þessi framtíðarsýn er ekki langsótt ímyndun, heldur er þetta óhjákvæmileg uppkoma í náinni framtíð. Nær hefði ráðherrum líklega verið að taka þetta varnarmál á dagskrá núna heldur en að ríkka þess í stað upp óþarfri pennastríkskyndirástöfun fyrir svæðið, sem alls ekki mun hafa nein áhrif á þjóðnauðsynlega landnýtingu á svæðinu en setur hins vegar varnir vegar og lagna í uppnám.

Að því viðkvæma máli verður nánar vikið í næsta hluta greinarinnar.

Refsingin mikla



Haukur Hauksson,
leiðsögumaður og magister í alþjóðamálum



Mikill hiti var í Söndurum vegna þessa og ákváðu þeir að refsá Ólsurum eins grimmilega og hægt væri, nú voru góð ráð dýr, settir voru í gang miklir verkferlar til að standa í lappirnar og lúffa ekki fyrir Ólsurum.

Éinu sinni var ball í Borgarnesi og var margt gesta, drykkja var talsverð, keyptu menn aðallega drykki af barnum og voru með volga vasapela og buðu með sér viski, vodka og kláravín.

Snæfellingar létu sig ekki vanta og þegar líða var tekið á brutust út slagsmál mikil á milli Ólsara og Sandara, að sjálfsögðu út af kvenmanni – Ínu að nafni, ljósri yfirlitum og fagurri mjög. Sandarar kölluðu hana reyndar alltaf Níu, jafnvel Nýju, Ína sjálf hélt að um uppnefni væri að ræða en Sandarar lofuðu að kynna sér betur bakgrunn hennar og sögu og bera nafnið rétt fram. Skemmst er frá því að segja að Ína fór með Ólsara heim af ballinu og eiga þau nú börn og buru.

Mikill hiti var í Söndurum vegna þessa og ákváðu þeir að refsá Ólsurum eins grimmilega og hægt væri, nú voru góð ráð dýr, settir voru í gang miklir verkferlar til að standa í lappirnar og lúffa ekki fyrir Ólsurum. Stóri dómur kom eftir miklar vangaveltur, skrif og hringingar; jafnvel Suður: Nú látum við alla vita hve þessir Ólsarar eru mikil illmenni og hættum að selja þeim mjólk, þeir hljóta að byrja að rífast

við Ínu og skilja við hana, það er þó skár að hún sé einstæð móðir en gift þessum Ólsara. Það er jú alltaf einhver fórnarkostnaður.

Í stuttu máli brást þetta, Ólsarar byrjuðu að kaupa mjólk af Hólurum og nú blómstrar mjólkurbú Stykkishólms en það á Hellissandi er í miklum vandræðum og á barmi gjaldþrots og þeir fyrir Sunnan vilja ekkert kaupa.

Þetta gengur svo langt að byrjað er að uppnefna þá á Hellissandi „sjálfsrefsara“ og masókista.

Menn vona hins vegar að ný og mjög öflug markaðsherferð úti í heimi skili tilætludum árangri, áður en um seinan er.

AUGLÝSING UM NÝTT DEILISKIPULAG Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar auglýsir hér með, í samræmi við 1. mgr. 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að deiliskipulagi á flugþjónustusvæði Keflavíkurflugvallar. „Austursvæði — Háaleitishlað“.

Deiliskipulagssvæðið er um 108 ha og liggur í suðausturjaðri Keflavíkurflugvallar. Það afmarkast til suðurs af umráðasvæði Landhelgisgæslunnar, til vesturs af flugbrautarsvæði, til norðurs af deiliskipulagi NA-svæðis og til suðausturs af götunni Þjóðbraut að skipulagssvæði Reykjanesbæjar. Deiliskipulagið byggir á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013–2030 sem nú er í staðfestingarferli.

Deiliskipulagstillaga þessi verður til sýnis á skrifstofu skipulagsfulltrúa Keflavíkurflugvallar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og á heimasíðu Keflavíkurflugvallar frá og með 4. september 2017.

www.kefairport.is/Um-felagid/Throun/Deiliskipulag/

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta gefst kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Frestur til að gera athugasemdir rennur út 18. október 2017. Skila skal skriflegum athugasemdum til: Skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 235 Keflavíkurflugvelli eða sveinn.valdimarsson@isavia.is.

Keflavíkurflugvelli, 28. ágúst 2017
F.h. Skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar
Sveinn Valdimarsson, skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar.



ISAVIA

HB

HÚSGAGNABANKINN - LAGERSALA

Faxafen 10 - opið frá 13 - 18 virka daga og 13 - 16 laugardaga

Skoðið úrvalið í vefverslun okkar - www.husgagnabankinn.is



490.000

Houston sófasett 3 sæta og 2 stólar

Sófi 202 sm - stóll 96 sm - d. 95 sm h. 88 sm
Alklætt ekta leðri,



104.000

French Curio skápur

Stærð 70 x 40 sm - h. 190 sm
Hnota eða Mahogany



370.000

Classico sófasett 3 sæta og 2 stólar

Sófi 198 sm - stóll 102 x 89 sm h. 87 sm
Alklætt ekta leðri



125.000

Carrera rafknúinn lyftistóll

82,5 x 96 sm h. 109 sm
Sterkt áklæði



89.000

Rubelli hægindastóll

82 x 90 sm h. 105 sm
Alklæddur ekta leðri



59.000

Rubelli hægindastóll

82 x 90 sm h. 105 sm
Sterkt áklæði



149.000

Bronson rafknúinn hægindastóll

93 x 100 sm h. 105 sm
Alklæddur ekta leðri



255.000

Bronson rafknúinn hægindasófi

212 x 100 sm h. 105 sm
Alklæddur ekta leðri



34.000

Hepplewhite stóll

Stærð 50 x 45 sm - h. 98 sm
Hnota eða Mahogany



87.000

Carrera hægindastóll

82,5 x 96 sm h. 109 sm
Alklæddur ekta leðri



57.000

Carrera hægindastóll

82,5 x 96 sm h. 109 sm
Sterkt áklæði



149.000

Viceroy rafknúinn hægindastóll

95 x 95 sm h. 105 sm
Alklæddur ekta leðri



59.000

Gangaborð

Stærð 90 x 40 sm - h. 86 sm
Mahogany



45.000

Teborð með bakka

Stærð 50 x 50 sm - h. 80 sm
Mahogany



34.000

ILIFE A4s, ryksuguvélmenni

Fjarstýring,
fallvörn og heimastöð



36.000

ILIFE V5PRO, ryksuguvélmenni

Blautmoppun, fjarstýring,
fallvörn og heimastöð



46.000

ILIFE A6, ryksuguvélmenni

Ósýnilegur veggur, fjarstýring,
fallvörn og heimastöð

www.husgagnabankinn.is - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030



Jón Arnór Stefánsson veifar til íslenskra áhorfenda eftir tapið fyrir Frakklandi á EM í körfubolta í gær. Jón Arnór skoraði 23 stig í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Tilfinningar sem við höfum ekki fundið fyrir áður

Jón Arnór Stefánsson átti flottan leik gegn Frökkum í gær en það dugði skammt gegn einu besta liði heims. Jón segir að íslenska liðið hafi aldrei upplifað svona vonbrigði áður sem lið eins og að steinleggja á móti Pólverjum á laugardaginn. Jón vill njóta leikjanna sem eftir eru en gætu þeir verið hans síðustu fyrir landsliðið.

Skrifar frá Helsinki
Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is



KÖRFUBOLTI Fyrsti sigur íslenska körfuboltalandsliðsins á Eurobasket lætur biða eftir sér og eftir tvö þrjátíu stiga töp fyrir Pólverjum og Frökkum um helgina er fátt sem bendir til þess að hann náist á þessu Evrópumóti.

Jón Arnór Stefánsson átti sinn langbesta leik á mótinu og íslensku strákarnir stóðu vel í Frökkum í gær með frábærum fyrri hálfleik en það dugði skammt gegn einu besta körfuboltaliði heims. Þriðja leikinn í röð stungu mótherjarnir af í þriðja leikhlutanum og á endanum munaði 36 stigum á liðunum.

Jón Arnór kom inn í byrjunarliðið og skilaði 23 stigum. Hann skipti um gir frá því í fyrri leikjunum tveimur þar sem lítið gekk hjá kappanum. Íslenska liðið stóð mun betur í mótherjum sínum á EM í Berlín fyrir tveimur árum en Jóni finnst það ósanngjarnt að bera EM í Helsinki saman við mótið í Berlín 2015.

„Ég held að það séu mistök að bera þetta saman við mótið í Berlín. Fyrir okkur alla að vera þar í fyrsta skiptið, með allar þessar tilfinningar þar sem við vorum að standa í þjóðum og fá svaka athygli. Allir voru klökkir eftir hvern einasta leik eftir að vera syngja með stuðningsmönnum. Við erum bara hér og það er mót-

læti. Við höfum alveg jafngott af því. Við þurfum að læra af því og höndla það,“ sagði Jón Arnór.

Nú eftir þrjá leiki er íslenska liðið ekki aðeins búið að tapa öllum þremur leikjunum sínum heldur öllum með samtals 95 stiga mun. Póllandsleikurinn var hins vegar leikur sem liðið taldi sig eiga möguleika á að landa langþráðum sigri.

„Við höfum aldrei upplifað svona vonbrigði áður sem lið. Við ætluðum að vinna, héldum að við gætum unnið og gerðum okkar besta. Það var ekki nóg. Eftir leikinn var eftirsjá og okkur langaði að spila leikinn aftur og allt svoleiðis. Þessar tilfinningar voru að poppa upp í gær sem við höfum ekki fundið fyrir áður,“ sagði Jón Arnór.

Það er erfitt að mæta í viðtal leik eftir leik og tala um enn eitt stóra tapið. Jón Arnór sinnir þó sínum skyldum með glæsibrag eins og hann er þekktur fyrir. Það gera líka liðsfélagar hans.

„Við höfum komist inn á tvö Evrópumót í röð og við höfum verið að vinna geggjada leiki heima í Höllinni. Þessi skellur er erfður þegar þú ætlar þér einhverja hluti alveg gríðarlega mikið. Við ætluðum okkur það í gær. Eins sætt og það er að ná markmiðinu þá er alveg hrikalega erfitt að bregðast hér öllum og sjálfum sér líka,“ sagði Jón.

Það má lesa það á reynslumeiri mönnum liðsins að umræðan um andleysi eða baráttuleysi innan liðsins hefur sært menn innan þess.

●● **Ég held að það séu mistök að bera þetta saman við mótið í Berlín.**

Jón Arnór Stefánsson

Íslensku leikmennirnir eru höfðinu lægri en flestir mótherjar og glíma við NBA-leikmenn eða leikmenn úr sterkustu félagsliðum Evrópu. Það vissu allir að þetta yrði erfitt og lýjandi að glíma við þessa stóru og kraftmiklu menn.

„Mér fannst við koma til baka í dag. Mér fannst við vera frábærir í dag. Einhverjir spekulantar geta hraunað yfir okkur en við leggjum okkur alltaf fram. Við börðumst eins og við gátum. Menn tala alltaf um eitthvað andleysi, en hvaða andleysi. Menn eru að leggja sig alla fram í þetta og við erum bara ekki betri en Frakkarnir. Þeir eru alltaf 30 stigum betri en við á hverjum einasta degi nema í einhverjum óskubuskuævintrýrum,“ sagði Jón Arnór.

Hann ætlar að njóta tímans í Helsinki þótt verkefnið sé kannski of krefjandi fyrir íslenska liðið í dag. „Ég er að njóta þess að vera hérna. Þetta geta verið einir af mínum síðustu landsleikjum. Ég er svo þakklátur að fá að vera hérna. Spila með Íslandi og fyrir framan þessa áhorfendur. Þegar maður er hættur þessu þá á maður eftir að horfa til baka og hugsa: Djöfull var þetta gaman,“ sagði Jón Arnór.

Tölfræði leikjanna

	Ísland	Pólland
Fráköst	33 - 53	Fráköst
Stoðsendingar	17 - 19	Stoðsendingar
Skotnýting	34% - 42%	Skotnýting
3 stiga skot	7/20 - 10/25	3 stiga skot
Vitanýting	50% - 89%	Vitanýting
Tapaðir boltar	13 - 13	Tapaðir boltar

	Ísland	Frakkland
Fráköst	39 - 39	Fráköst
Stoðsendingar	20 - 31	Stoðsendingar
Skotnýting	36% - 68%	Skotnýting
3 stiga skot	9/30 - 10/18	3 stiga skot
Vitanýting	91% - 58%	Vitanýting
Tapaðir boltar	16 - 11	Tapaðir boltar

EM í körfubolta



Leikir Finna á EM í körfubolta hafa svo sannarlega ekki verið fyrir hjartveika. Finnsla liðið hefur leikið þrjá leiki á mótinu. Einn þeirra fór í framlengingu, einn var tvíframlengdur og úrslitin í þeim þriðja réðust á lokasekúndunum. Finnar unnu Pólverja í gær, 90-87, eftir tvíframlengdan leik. Ungstirnið Lauri Markkanen, leikmaður Chicago Bulls í NBA-deildinni, dró vagninn fyrir Finnland og skoraði 27 stig og tók níu fráköst. Finnar hafa unnið tvo leiki á EM og tapað einum. Þeir mæta Íslendingum á miðvikudaginn kemur í lokaumferð riðla-keppinnar.

Úrslit

A-riðill

Ísland - Pólland 61-91

Stig Íslands: Hörður Axel Vilhjálmsson 16, Martin Hermannsson 14, Hlynur Bæringsson 6/7 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 6, Tryggvi Snær Hlinason 4, Kristófer Acox 4, Logi Gunnarsson 3, Pavel Ermolinskij 3, Haukur Helgi Pálsson 3/4 stoðsendingar, Jón Arnór Stefánsson 2.

Grikkland - Frakkland 87-95

Finnland - Slóvenía 78-81

Ísland - Pólland 79-115

Stig Íslands: Jón Arnór Stefánsson 23/7 fráköst, Martin Hermannsson 13, Kristófer Acox 10/7 fráköst, Haukur Helgi Pálsson 10/6 stoðsendingar, Hörður Axel Vilhjálmsson 8/6 stoðsendingar, Tryggvi Snær Hlinason 5, Elvar Már Friðriksson 3, Brynjar Þór Björnsson 3, Logi Gunnarsson 2, Hlynur Bæringsson 2.

Slóvenía - Grikkland 78-72

Finnland - Pólland 90-87

Staðan: Slóvenía 6, Frakkland 5, Finnland 5, Pólland 4, Grikkland 4, Ísland 3.

B-riðill

Georgía - Þýskaland 57-67
Úkraína - Ítalía 66-78
Ísrael - Litháen 73-88
Georgía - Úkraína 81-88
Litháen - Ítalía 78-73
Þýskaland - Ísrael 80-82

Staðan: Ítalía 5, Þýskaland 5, Litháen 5, Georgía 4, Úkraína 4, Ísrael 4.

C-riðill

Svartfjall. - Ungverjal. 72-48
Tékkland - Spánn 56-93
Króatía - Rúmenía 74-58

Staðan: Spánn 4, Króatía 4, Svartfjallaland 3, Tékkland 3, Rúmenía 2, Ungverjaland 2.

D-riðill

Lettland - Belgía 92-64
Rússland - Serbía 75-72
Bretland - Tyrkland 70-84

Staðan: Rússland 4, Lettland 3, Tyrkland 3, Serbía 3, Belgía 3, Bretland 3.

HEIMILI

MÁNUDAGUR 4. SEPTEMBER 2017

Heimili



Margir kvíða haustinu og vetrinum. Hægt er að gera ýmislegt til að sefa kvíðann að einhverju marki.

heilsa ➔4

SR
STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
KYNNIÐ:

ELLA
FITZGERALD
100 ára

ELDBORG
22. SEPTEMBER
KL. 20:00

Andrea Gylfadóttir
Anna Mjöll Ólafsdóttir
Agústa Eva Erlendsdóttir
Ellen Kristjánsdóttir
Kristjana Stefánsdóttir
Ragnheiður Gröndal
Ragnhildur Gísladóttir
Salka Sol Eyfeld
Sigríður Thorlacius
Sérstakur gestur: KK

Stjórnandi og kynni:
Sigurður Flóason



Vilborg æfði fótbolta um langt skeið en lagði fótboltaskóna á hilluna og tók fram þrjónana. MYND/VILHELM

Endar daginn á þrjóni

Vilborg Guðlaugsdóttir hjúkrunarfræðingur fór í Hússtjórnunarskólann til að læra þrjón, hekl og aðra handavinnu. Henni finnst skemmtilegt, slakandi og skapandi að þrjóna. Áður æfði hún fótbolta af miklu kappi. ➔2



Vilborg er alltaf með nokkur verkefni í gangi í einu og hefur verið óstöðvandi frá því hún lærði að prjóna. MYND/VILHELM

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Frjá því að Vilborg Guðlaugsdóttir lærði að prjóna hefur hún verið óstöðvandi og prjónað hverja flíkina á fætur annarri. „Prjónaáhuginn hafði lengi blundað með mér en ég hafði ekki þor til að demba mér út í handavinnu af fullri alvöru. Ég var viss um að ég gæti ekki prjónað og það óx mér í augum að lesa og prjóna eftir uppskriftum. Ég hafði af og til hugsað um að fara í Hússtjórnumarskólann og þá aðallega út af handavinnunni. Vinkona mín ákvað að fara í skólann og úr varð að ég gerði það líka,“ segir Vilborg, sem æfði fótbolta í átta ár og spilaði með yngri landsliðunum fyrir hönd Íslands. „Ég æfði lengst af með Val og um nokkurt skeið með Þrótti en lagði fótboltaskóna á hilluna fyrir nokkrum árum.“

Vilborg hafði áður lokið námi í hjúkrunarfræði og unnið við sitt fag um nokkurt skeið en fór í hlutastarf í eina önn svo hún gæti tekið námið við Hússtjórnumarskólann föstum tókum. „Flestir fara í skólann strax að loknu stúdentsprófi og ég var því töluvert eldri en bekkjarsystkin mín, en ég lét það ekki stöðva mig. Ég lærði ekki aðeins handavinnu heldur margt mjög hagnýtt sem hefur komið sér vel í hversdagslífinu og við heimilishald. Ég lærði líka að vera óhrædd við að prófa mig áfram við að prjóna. Maður lærir mest á því að reka sig á, þurfa að prjóna áfram og rekja upp þegar villur verða,“ upplýsir Vilborg, sem er mjög ánægð með námið.

Það myndaðist góður vinskapur á milli bekkjarsystkinanna og Vilborg kynntist einni af sínum nánustu vinkonum í skólann. „Ég varð ekki vör við annað en að folki myndist gott hjá mér að taka þetta



Vilborg fær hugmyndir í blöðum og á samfélagsmiðlum eins og SnapChat.



Svarthöfði að hætti Vilborgar. Hún hannaði þetta mynstur.



Vilborg er dugleg að prjóna á son sinn, sem er á þriðja ári.

LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynna Ísland í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

- Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
- Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

Helstu námsgreinar:

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögunáttækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðapjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

Umsögn:

S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálastólaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnuöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Opið 8-22

 Ferðamálastólaskóli Íslands

Ferðamálastólaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

skref og sumar konur sem ég vinn með nefndu að þær hefðu áhuga á að fara í Hússtjórnumarskólann.“

Gaman og gefandi

En hvað finnst Vilborgu skemmtilegast við að prjóna? „Það er slakandi, mjög skemmtilegt, skapandi og gefandi. Mér finnst gaman að gefa öðrum það sem ég hef prjónað. Ég hef prjónað sængurgjafir og jólagjafir fyrir vini og vandamenn og finnst það persónulegt gjöf. Ég prjóna líka fyrir basar sem Kristnibóðsfélag kvenna heldur ávallt í nóvember og ágóðinn rennur til góðs málefni. Svo er líka nýtsamlegt að geta prjónað vettlinga, sokka og hlý fót sem nýtast til dæmis á son minn á leikskólanum og sambýlismann

minn sem er leiðsögumaður.“

Aðspurð segist Vilborg ekki vera komin á það stig að hanna sjálf flíkurnar sem hún prjónar. „Ég er aðeins farin að fikra mig áfram við að teikna upp mynstur og prjóna eftir þeim. Ég hef hannað og prjónað eina fullorðinspeysu og eina barnapeysu. Yfirleitt finn ég uppskriftir á netinu eða í blöðum og skoða prjónasiður á samfélagsmiðlum. Á Instagram fylgist ég til dæmis með hanneoorlien, petiteknit, mammastrikk, barnehagstrikk og knittingforlove. Svo er ég með „Strikkere“ á SnapChat. Það eru stelpur í Noregi sem skiptast á að vera með snappið. Þær eru með mismunandi þema í hverri viku, svo sem byrjendaprjón, leikskólaprjón og vettlinga- eða

húfuprjón. Þá sýna þær hvað þær eru að prjóna eða hafa prjónað og koma með ýmis góð ráð. Ég hef gaman af því að fylgjast með þessu og fæ hugmyndir og innblástur að verkefnum.“

Vilborg skellir upp úr þegar hún er spurð hvort hún hafi hugsað sér að sýna prjónaskap á SnapChat. „Ja, það er reyndar aldrei að vita nema ég helli mér út í það. Hver veit?“

Vilborg notar lausan tíma til að prjóna og er alltaf með nokkur verkefni í gangi í einu, enda lítur hún á prjónaskap sem skemmtun en ekki kvöld. „Ég prjóna yfir sjónvarpinu eða þegar ég hlusta á rólega tónlist eða hljóðbók. Mér finnst gott að enda daginn á því að prjóna,“ segir Vilborg að lokum.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:
365 miðlar

Ábyrgðarmaður:
Svanur Valgeirsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5353

Sölu menn: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433



Orkuleysi, streita og kvíði?

Spirulina BLUE Performance er heilbrigð lausn full af lífrænum næringarefnum sem gefur góða orku og einbeitingu allan daginn

“Þegar ég vann að doktorsritgerðinni minni þurfti ég oft að einbeita mér 12 -14 tíma, en með Spirulina BLUE hvarf einbeitinga-skortur síðdegis og þar með jukust afköstin og úthaldið. Þrátt fyrir aukna orku kom það ekki niður á svefni og hvíld, þvert á móti minni streita, betri hvíld. Síðan þá nota ég Lifestream Spirulina Blue daglega.”

Snjólaug Ólafsdóttir, doktor í umhverfisverkfræði.

“Hafði glímt við kvíða og vanlíðan, leitaði aðstoðar og byrjaði jafnframt á Spirulina Blue, með því öðlaðist ég eins og annað líf, varð **gláðari** og **miklu orkumeiri**. Fór að geta skipulagt mig og áhugamálið mitt sem er ljósmyndun. **Finn ekki streitu eða kvíðann plaga mig.**”

Hreinn Gottskálfsson, verktaki.



Nýjar umbúðir sömu gæði



Spirulina BLUE Performance

Lífrænn fjölvítamínjafi náttúrunnar

26 vítamín og steinefni, 18 amínósýrur, GLA, omega, phycocyanin, zeaxanthin, vanilla.

Rannsóknir sýna að phycocyanin í Spirulina Blue styður getu tauga til að takast á við streituálag og eflir einbeitingu. Styrkir ónæmiskerfið gegn flensum og kvefi, gefur góða jafna orku allan daginn.

Næringarprófanir eru gerðar við uppskeru og einnig í neytendaumbúðum.

Ekki láta kvíðann stjórna þér

Haustið og yfirvofandi vetur veldur mörgum kvíða en það er mikilvægt að læra að höndla kvíðann því lífið þarf ekki að stjórnast af honum ef þú nærð að taka í taumana í tíma.

Brynhildur
Björnsdóttir
brynhildur@365.is



Nú fer að hausta, sumarfríð og björtu næturnar á undanhaldi og veturinn, skuldbindingarnar og myrkríð taka við. Margir kvíða vetrinum og vilja helst breiða upp fyrir haus og fara ekki fram úr fyrr en í vor. Hér eru nokkrar ráðleggingar sem hver um sig getur sefað kvíða að einhverju marki og saman hafa þær enn jákvæðari áhrif. Prófaðu, en í guðs bænum ekki ætla þér um of. Að sigrast á kvíða er eins og að borða fíl, taktu einn bita, eina mínútu eða eina ráðleggingu í einu og andaðu djúpt á milli.

Andaðu djúpt

Dragðu andann og finndu hvernig lungun fyllast og maginn lyftist. Andaðu svo frá þér og finndu hvernig axlirnar slakna, hálsinn opnast og hnúturinn í maganum minnkar. Einbeittu þér að andardrættinum og ekki því sem þú kvíðir.

Fáðu knús

Farðu í nudd eða snyrtingu og leyfðu öðrum að fara um þig mjúkum og græðandi höndum. Eða fáðu þína nánustu til að faðma þig eða klóra þér á bakinu. Góð og gefandi snerting gefur öryggisfinningu sem dregur úr streitu og kvíða.

Farðu út í náttúruna

Í dagsferð, göngutúr, jafnvel bara út í garð. Dragðu að þér ilminn í loftinu, finndu fyrir jörðinni undir fótum þínum, reyndu aðeins á þig. Það er ábyggilegt að þér líður betur á eftir.

Farðu snemma í háttinn

Svefnlaus heili fer á yfirsnúning og sér óvini í öllum hornum.



Kvíði getur verið lamandi og rænt bæði lífsgleði og framkvæmdaorku. NORDICPHOTOS/GETTY

Dragðu úr neyslu á koffíni, áfengi, sykri og unnum matvörum

Þeir sem þjást af kvíða leita gjarna í mat, drykk eða örvandi efni til að slá á kvíðann en það er sennilega það vitlausasta sem hægt er að gera. Sá sem kylir orkuna upp á örvandi efnum kemur jafnhvatt niður og lendir jafnvel á verri stað en lagt var upp frá.

Mundu að tilfinningar eru ekki staðreyndir

Þegar þér líður illa og finnst þú ömurlegasta manneskja á jarðri er alls ekki víst að allir séu á sömu

» Þó að þér finnist eins og ekkert sé að þér (nema að þú sért vonlaus) og að enginn geti hjálpað þér, þá er fjöldi fólks sérhæfður í háskóla í mörg ár til þess einmitt að hjálpa þér.

skoðun. Mundu að þú ert ekki tilfinningar þínar heldur sá eða sú sem upplifir þær og að kvíðinn heili getur talið þér trú um alls konar vitleysu.

Farðu til sálfræðings

Þó að þér finnist eins og ekkert sé að þér (nema að þú sért vonlaus) og að enginn geti hjálpað þér, þá er fjöldi fólks sérhæfður í háskóla í mörg ár til þess einmitt að hjálpa þér og þeim sem líður eins og þér líður. Nýttu þér það.

Svitnaðu!

Áreynsla og líkamsrækt setur af

stað velliðunarferli í líkamanum sem skilar sér í minni kvíða. Auk þess veitir hreyfing alls kyns boðefnum útrás sem annars safnast upp og valda vanlíðan.

Taktu á móti kvíðanum

Ekki berjast á móti þegar kvíðinn kemur heldur skaltu leyfa honum að koma, eins og jarðskjálfta eða öldu að strönd. Ef þú gerir það þá nær kastið hápunkt og dvínar svo en ef þú reynir að streitast á móti styrkist kvíðinn og eflist. Taktu á móti kvíðaöldunni með andardrætti og mundu: einnig þetta líður hjá!

Töfrar ítalska eldhússins

Sælkeraverslunin Massimo og Katia Gourmet italiano býður upp á ljúffengar ítalskar sælkeravörur.

Ítölsk matargerð nýtur mikillar hylli um allan heim og þar er Ísland engin undantekning. Fyrr á þessu ári opnuðu ítölsku hjónin Massimo og Katia sælkeraverslun undir nafninu Massimo og Katia Gourmet italiano við Laugaveg 163 í Reykjavík þar sem þau selja ljúffengar ítalskar matvörur frá ýmsum héruðum Ítalíu. „Við bjóðum m.a. upp á extra virgin ólífúoliú úr handtíndum ólífum með aðeins 0,32 prósent sýrustig. Þessi olía hentar frábærlega vel sem salatdressing, með kjöti og fiski og súpum svo dæmi séu tekin. Einnig seljum við gott úrval af grænum og svörtum ólífum, ýmsar gerðir af ljúffengum gædasveppum í ólífúoliú, grillaða ætíþistla í oliu og sneidd eggaldin samkvæmt gömlum hefðum frá Puglia sem er í suðurhluta landsins,“ segir Massimo.

Osturinn og álegginn eru heldur ekki langt undan að sögn Katía. „Að sjálfsögðu seljum við hinn fræga ítalska Parmigiano Reggiano ost, mortadella-pylsuna sem inniheldur meðal annars pistasíuhnetur og er mjög vinsælt álegg á Ítalíu, auk ýmissa tegunda af skinkum frá Emilia Romagna sem er í norð-austurhluta landsins.“

Meðal annarra ljúffengra vara nefna þau kryddaðar Salsiccia Napoli pylsur, ítalska gæðakaffið frá Kimbo sem kemur frá Napólí, vel kryddaða salamipylsu, gómsæt chili-, ætíþistla- og ólífumauk sem er frábært að smyrja ofan á brauð, ansjósúr frá Suður-Ítalíu og reyktá prosciutto-skinku frá Norður-Ítalíu. „Þess má geta að allar kjötvörur frá okkur koma frá dýrum sem hafa verið alin við mannúð-

legar aðstæður og innihalda engin óæskileg aukaefti.“

Hjónin leggja mikinn metnað í að bjóða upp á gott verð og persónulega þjónustu. „Einnig má nefna að við seljum skemmtilega forréttaplatta sem er frábær kostur fyrir þá sem hafa ekki tíma eða vilja koma fjölskyldu eða félögum sínum á óvart, til dæmis í tengslum við parti, afmælisveislu, fundi eða einfaldlega sem ljúffengt snakk. Fyrir þá viðskiptavinum sem þekkja ekki nógu vel ítalskar gæðavörur er öllum velkomið að koma og smakka á þeim vörum sem þeir vilja kynna.“

Nánari upplýsingar má finna á Facebook undir Massimo og Katia Gourmet italiano og símanúmerið er 588-9898.



Ljúffengar pylsur, skinkur, ætíþistlar, sveppir og fleira góðgæti ættað frá Ítalíu.



Skemmtilegir forréttaplattar sem henta fyrir alls konar tilefni, stór og smá.

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 • landmark.is

Landmark leiðir þig heim!

Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur.



Sigurður Samúelsson
Löggiltur
fasteignasali
Sími 896 2312



Sveinn Eyland
Löggiltur
fasteignasali
Sími 690 0820



Kristján Ólafsson
Hfl.
Löggiltur
fasteignasali



Þórarinn Thorarensen
Sölustjóri
Sími 770 0309



Eggert Mariuson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
Sími 690 1472



Guðrún Diljá Lúðvíksdóttir
skjalagerð



Benedikt Ólafsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
Sími 661 7788



Nadia Katrín
Sölufulltrúi
Sími 692 5002



Helga Snorradóttir
Skjalavinnsla



Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir
Lögræðingur /
löggiltur
fasteignasali
Sími 895 7784



Ingibjörg Agnes Jónsdóttir
Sölufulltrúi
Sími 897 6717



Jóhanna Gustavsdóttir
Sölufulltrúi
Sími 698 9470

Lómasalir 14 - 41,9 m

203 Kópavogur, Íbúð merkt: 01 03 03

Opið hús miðvikudaginn 6. sept. kl. 17:00 - 17:30




- Eignin er skráð skv. ÞÍ
- 2 rúmgóð svefnherbergi
- 93,7 fm
- Þvottahús innan íbúðar
- Stæði í bílskýli
- Svalir með útsýni
- Sér inngangur
- Lyfta



Elin Viðarsdóttir

Löggiltur fasteignasali +354 695 8905
elin@islenskafasteignasalan.is



Hlíðasmári 12 • 201 Kópavogur
+354 510 3000
sala@islenskafasteignasalan.is

Opið hús á Óttuhæð

Fasteignasalan Torg hefur til sölu einbýlishús við Óttuhæð 8 í Garðabæ. Opið hús verður í dag, mánudaginn 4. september klukkan 18.30 til 19.

Þetta glæsilega einbýlishús er 308,6 fm á tveimur hæðum. Lofthæð er mikil en í húsinu er innbyggð bílageymsla og tveir sólskálar. Frábært útsýni er frá húsinu. Árin 2006-2007 voru innréttingar og gólfefni endurhönnuð og um innanhússhönnun sá Guðbjörg Magnúsdóttir innanhússarkitekt. Bilastæði við húsið eru hellulögð með snjóbræðslu. Gróinn garður með hellulögðum svæðum með skjólveggjum og heitum potti.

Á neðri hæð eru forstofa, hol, hjónaherbergi, baðherbergi, sólskáli, sjónvarpsherbergi, bílskúr og gluggalaust herbergi með vélrænni loftræstingu sem er inn af bílskúr og tilvalið til dæmis sem íþróttaherbergi. Hjónaherbergisálman er með einstaklega fallegu og vönduðu baðherbergi inn af, með góðri sturtu og innréttingu og miklum



Glæsilegt einbýli við Óttuhæð í Garðabæ.

fataskápum. Útengt er frá baðherberginu út í garð og að heitum potti. Frá hjónaherberginu er einnig gengið út í sólskála.

Á efri hæðinni eru stofa, eldhús, sólskáli, þrjú svefnherbergi, fataherbergi, þvottaherbergi og baðherbergi.

Á efri hæð hússins er góð lofthæð og innbyggð halogenlýsing. Í einu meira og minna samhangandi rými með stórum og miklum gluggum er

stofa með fallegum arni, borðstofa, sólskáli og eldhús.

Þetta er glæsilegt einbýlishús með frábæru útsýni, í fallegri götu á góðum stað í Garðabæ þar sem góðir skólar og leikskólar eru í göngufæri.

Allar nánari upplýsingar veitir Hafdis Rafnsdóttir sölustjóri gsm 820-2222 netfang hafdis@fstorg.is eða Sigurður Gunnlaugsson fasteignasali.

heimili fasteignasala - á traustum grunni



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnabogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Guðbjörg G. Blöndal
lögg. fasteignasali



Jón Bergsson
hdl. og lögg. fasteignasali



Brynjólfur Snorrason
lögg. fasteignasali



Gunnlaugur A. Björnsson
lögg. fasteignasali



Ásdís Irena Sigurðardóttir



Hafdis Una Guðnýjardóttir
lögræðingur



Finndu okkur á Facebook



Baugakór 34, 3 herb. hæð
Gullfalleg 3ja. herbergja 1. hæð í fjórbylishúsi með góðum suður palli. Stór og björt stofa og borðstofa, eldhús opið inn í borðstofu, þvottahús og geymsla innan íbúðar.
Opið hús í dag kl. 17:30 og 18:00
Upplýsingar veitir Gunnlaugur 617 5161



Krummahólar - 2ja herb
Mikið endurnýjuð 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með útgang á hellulagða verönd. Eignin er skráð 63,6 fm ásamt hluta í sameign sem er vagna- og hjólageymsla ásamt frystihólf. Upplýsingar veitir Bogi 6993444



Akrakór - Stórt einbýlishús
Til sölu stórt 340 fm einbýlishús með ýmsa skipulags og nýtingar möguleika. Möguleiki á 2-3 íbúðarrýmum. Húsið selst tilbúið til innréttingar skv. fyrirbyggjandi skila- og sölulýsingu. **V. 89,0 m.** Nánari upplýsingar um skoðunartíma á skrifstofu.



Hveraföld 23 - 3ja herb + bsk.
Vel skipulögð mikið endurbætt 95 fm endaíbúð ásamt tveimur stæðum í lokuðu bílskýli. Gengið upp eina og hálfra hæð. Góðar vestur svalir og mikið útsýni. Nýleg gólfefni og hluti innréttinga. Hús og sameign í góðu ástandi. Órstutt í barna- og leikskóla ásamt verslu og þjónustu. **Opið hús í dag, kl. 17:30 - 18:00.** Upplýsingar veitir Bogi 6993444



Arnarstapi - Vönduð sumarhús
Eignin saman stendur af 82,3 fm sumarhúsi og 37 fm gesthúsi, alls 119,6 fm, sem standa á 2120 fm lóð í einstöku landslagi með útsýni til allra átta. Stórir afgirtir sólpallar tengja húsin saman. Bæði húsin hafa heitan pott. Stærri húsið er byggt 2002 og gesthúsið 2006. Bæði húsin er vel byggð og haganlega skipulögð á allan hátt. Upplýsingar veitir Bogi 699344



Fannharv 3 - Þriggja herbergja
Glæsilegt þriggja herb. íbúð á annari hæð í viðhaldslitu fjölbýli. Sér inngangur, flisalögð forstofa, björt stofa með parketi á gólfum og útgengi á suður svalir. Tvö góð svefnh, fallett eldhús sem er vel tækjum búið, flisalagt baðherbergi og þvottahús og geymsla í sér rýmum innan íbúðar. Falleg eign á góðum stað. Stutt er í fallega náttúru. Nánari uppl. veitir Brynjólfur, lgfs. s: 896-2953.



Álfaskeið 94, fjögurra herb. m. bílsk.
Falleg fjögurra herbergja íbúð ásamt bílskúr. Sér inngangur, þrjú svefnherbergi, eldhús og stofa í opnu samliggjandi rými, suður svalir, fallett baðherbergi með sturtuklefa, sameiginleg hjólageymsla og sér geymsla í kjallara. Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning. **Opið hús í dag kl. 17:15 - 17:45.** Nánari uppl. veitir Brynjólfur Snorrason, lgfs. s: 896-2953.



Hæðarbyggð 19 - einbýli með auka íbúð.
